

Hulda Kristjánsdóttir

From: Hjalti Andrason <hjalti.andrason@mrn.is>
Sent: fimmtudagur, 5. september 2024 16:20
To: Hjalti Andrason
Subject: Mennta- og barnamálaráðuneytið býður þér á Menntaþing 2024

Til sveitarfélaga. Vinsamlega áframsendið eftirfarandi boð til þeirra sem málið varðar innan ykkar sveitarfélags:

Mennta- og barnamálaráðuneytið boðar til **Menntaþings mánudaginn 30. september** kl. 9:00–16:00 á **Hilton Reykjavík Nordica** og í streymi. Á þinginu verður rætt um **stöðu menntakerfisins, yfirstandandi breytingar og næstu skref í menntaumbótum** með kynningu á fyrirhugaðri **2. aðgerðaáætlun** í menntastefnu stjórnvalda til ársins 2030. Niðurstöður samtalsins verða nýttar við endanlega mótun áætlunarinnar.

Að Menntaþinginu standa Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Heimili og skóli, Grunnur – félag fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, auk ráðuneytisins.

Nýjustu upplýsingar benda til þess að **náms- og félagslegri stöðu íslenskra barna hafi hrakað** síðustu ár. Þetta sýna niðurstöður PISA sem og aðrar rannsóknir.

Vegna þess og ýmissa samfélagslegra breytinga og áskorana, hafa íslensk stjórnvöld ráðist í **viðamiklar breytingar á menntakerfinu** á undanförunum árum. Þær snúa m.a. að auknum stuðningi við kennara og skóla, aukinni skólaþróun, endurskoðun útgáfu námsgagna, bættri yfirsýn og tölfræði yfir nemendur og móttöku barna af erlendum uppruna með nýja stofnun á sviði menntamála, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, í broddi fylkingar.

Verkefnið er hins vegar viðamikið og flókið og hvergi nærri lokið. Afar mikilvægt er að bregðast af krafti við þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir í íslensku skólakerfi sem og nýta þau tækifæri, mannauð og nýsköpun sem þar er að finna. **Menntun er málefni alls samfélagsins** enda ein mikilvægasta stoð farsældar einstaklinga. Það er fagnaðarefni að finna fyrir áhuga íslensks samfélags er þetta varðar.

Markmiðið með fundinum er að eiga **markvissa gagnvirka umræðu** um stöðu skólakerfisins hér á landi. Þegar eru yfirstandandi aðgerðir **fyrstu aðgerðaráætlunar menntastefnu**. Þá eru fyrirhugaðar yfirlagsmiklar aðgerðir með skólasamfélaginu og öðrum hlutaðeigandi sem mikilvægt er að ræða og hvað fleira þurfi að koma til svo mæta megi sem best þörfum nemenda og kennara sem og samfélagsins til framtíðar.

Drög að **2. aðgerðaráætlun fyrir árin 2024–2027** í innleiðingu **menntastefnu stjórnvalda til ársins 2030**, sem mennta- og barnamálaráðuneytið hefur unnið að undanfarin misseri í samstarfi við hagaðila, verða kynnt á þinginu. Markmið aðgerða er að mæta sérstaklega þeim áskorunum sem íslenskt menntakerfi stendur frammi fyrir og sjást m.a. í niðurstöðum PISA, auk annarra rannsókna. **Niðurstöður samtalsins** verðar teknar með í vinnuna við **endanlega útfærslu á fyrirhuguðum aðgerðum**.

Þingið verður í þremur hlutum:


1. Hver er staðan?
2. Hvað er verið að gera?
3. Hver eru næstu skref?

Nánari dagskrá verður kynnt síðar. Fyrir fundinn munu skráðir þátttakendur fá upplýsingar um stöðu menntakerfisins, m.a. helstu áskoranir, tölfræði og yfirlit yfir stöðu umbóta, sem þeir geta kynnt sér.

Menntaþing er opið **öllum áhugasömum** og er þátttakendum að kostnaðarlausu. Skráningarfræstur er til og með **25. september**.

- **Skráning á Menntabing 2024**

Verkefnið er brýnt, á valdi margra aðila og ekki leyst nema með samstöðu samfélagsins alls, kennara og starfsfólks skóla, foreldra, nemenda og annarra. Mennta- og barnamálaráðuneytið kallar því eftir þátttöku sem flestra í umræðu, mótun og útfærslu aðgerða.



Hjalti Andrason, upplýsingafulltrúi / Head of Information
Mennta- og barnamálaráðuneyti / Ministry of Education and Children
Borgartúni 33, 105 Reykjavík, Iceland
(+354) 545 9500
<https://www.mrn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Hulda Kristjánsdóttir

From: Unna Björg Ögmundsdóttir <unna@babubabu.is>
Sent: fimmtudagur, 12. september 2024 15:36
To: Árborg; Árni Eiríksson; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; Bragi Bjarnason; Fjóla S Kristinsdóttir; Sveitarstjóri Flóahrepps; Grímsnes og Grafningshreppur; Oddviti Bláskógabyggðar; Héraðsskjalasafnið; Hrunamannahreppur ; Móttaka Hveragerði; Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir; skeidgnup@skeidgnup.is; olfus@olfus.is
Subject: Svarbréf stjórnar BÁ við fyrirspurn sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 3.7.2024
Attachments: Svar BÁ við bréfi Skeið og Gnúp 3.7.2024.pdf; Svar BÁ við bréfi Skeið og Gnúp 3.7.2024 Fylgiskjal 1.pdf; Svar BÁ við bréfi Skeið og Gnúp 3.7.2024 Fylgiskjal 2.pdf

Góðan dag

Meðfylgjandi er svarbréf stjórnar BÁ við fyrirspurn sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 3.7.2024.

Kveðja,

Unna Björg Ögmundsdóttir

Brunavarnir Árnessýslu
Árvegi 1
800 Selfoss
www.babubabu.is
s. 4 800 900





Brunavarnir Árnæssýslu

Árvegi 1
800 Selfoss
4800900
petur@babubabu.is

Selfossi 28.08. 2024
-----PP/Stjórn BÅ-----

Svar stjórnar Brunavarna Árnæssýslu við erindi frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til stjórnar Brunavarna Árnæssýslu er varðar kostnaðarskiptingu aðildarsveitarfélaganna dagsett 3. júlí 2024.

Þegar starfsemi slökkviliða er skoðuð og kostnaður við rekstur þeirra, er nauðsynlegt að hafa til hliðsjónar þann laga- og reglugerða ramma sem settur er varðandi málaflokkinn til að átta sig á eðli og umfangi starfseminnar. Í lögum um brunavarnir nr. 75 frá árinu 2000 er fjallað um markmið laganna sem er að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja fullnægjandi eldvarnir, forvarnir og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi. Einnig er þar sérstaklega tekið fram að lögin gildi um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi sem og björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði.

Í lögnum er tekið fram að eldvarnaeftirlit sveitarfélaga sé sú starfsemi slökkviliðs sem hefur eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um brunavarnir. Nánar er fjallað um eldvarnir og eldvarnaeftirlit í reglugerð nr. 723 frá árinu 2017 og um skoðunarskyldu eldvarnaeftirlitsins með mannvirkjum, lóðum og starfsemi þar sem eldhætta getur skapast og ógnað lífi, heilsu, umhverfi og eignum.

Í reglugerð um starfsemi slökkviliða nr.747 frá árinu 2018 er fjallað betur um lögboðin verkefni slökkviliða sem eru:

1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss.
2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun.
3. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun.
4. Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum.
5. Eldvarnir og forvarnir, þ.m.t. eftirlit með einkabrunavörnum, sbr. reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit.

Í sömu reglugerð er fjallað um hvernig mönnun slökkviliða skal háttáð að lágmarki. Þegar starfssvæði slökkviliðs hefur náð ákveðnum fjölda íbúa þarf að færa slökkvilið frá því að vera einungis mannað hlutastarfandi mönnum upp í að vera mannað mönnum í

dagvinnu og hlutastarfi og síðan á sólarhringsvöktum allt eftir fjölda íbúa á starfssvæðinu.

Í reglugerð nr. 1246 frá árinu 2022 um Brunamálaskólann er kveðið á um menntun slökkviliðamanna og flokkast hún í eftirfarandi:

1. Grunnám slökkviliðsmanna.
 - a. Utan- og innanhúss slökkvistarf og reykköfun.
 - b. Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum.
 - c. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum.
2. Framhaldsnám slökkviliðsmanna.
 - a. Fyrir stjórnendur slökkviliða og slökkviliðsmenn sem sinna slökkvistarfi að aðalstarfi.
3. Nám Eldvarnaeftirlitsmanna.
 - a. Eldvarnaeftirlitsmaður 1
 - i. Grunnám fyrir eldvarnaeftirlitsmenn þannig að þeir geti unnið við almennt eldvarnaeftirlit.
 - b. Eldvarnaeftirlitsmaður 2
 - i. Framhaldsnám fyrir eldvarnaeftirlitsmenn þannig að þeir geti starfað sjálfstætt að sérhæfðu eldvarnaeftirliti svo sem að annast lokaúttektir. Áður en námið er hafið skal viðkomandi hafa lokið fyrsta hluta.
 - c. Eldvarnaeftirlitsmaður 3
 - i. Framhaldsnám fyrir þá sem stjórna og bera ábyrgð á eldvarnaeftirliti sveitarfélaganna. Áður en námið er hafið skal viðkomandi hafa lokið fyrsta og öðrum hluta.
4. Nám stjórnenda á vettvangi.
5. Nám slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra.
6. Endurmenntun.

Reykköfun flokkast sem hættulegt starf og er um hana sérstök reglugerð nr. 1088 frá árinu 2013. Þeirri reglugerð fylgja afar strangar kvaðir til þess að tryggja öryggi þeirra er framkvæma þessi hættulegu störf. Þessar kvaðir eru kostnaðarsamar.

Til þess að uppfylla ákvæði laga og reglna um málaflokkinn má glögglega sjá að kostnaður við útköll er einungis hluti af þeim kostnaði sem fellur til við rekstur slökkviliða.

Í fylgiskjali 1 má finna upplýsandi greinar, með tilliti til kostnaðar, úr nokkrum af þeim lögum og reglugerðum sem að málaflokknum lúta. Vefslóðir á lögum og reglugerðirnar má einnig finna þar, þannig að hægt sé að lesa efnið í heild sinni.


Í erindi frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til stjórnar Brunavarna Árnassýslu er varðar kostnaðarskiptingu aðildarsveitarfélaganna, var vísað í spurningu oddvita sveitarfélagsins til slökkviliðsstjóra sem borin var fram á vörfundum Héraðsnefndar Árneseinga bs, haldin á Flúðum 9. apríl 2024, um „hversu mikill hluti af starfsemi Brunavarna Árnassýslu færi í brunavarnir og hversu mikill hluti færi í önnur verkefni eins og slys o.fl“.

Munnlegt svar slökkviliðsstjóra var byggt á tilfinningu þar sem ekki voru gögn á staðnum sem hægt var að rýna í aftur í tímann.

Var það skilningur slökkviliðsstjóra að spurt væri um hlutfall útkalla slökkviliðsins tengdum eldi og svo önnur útköll og kvaðst hann telja það skiptingin í útköllum væri um það bil 40% vegna bruna og önnur útköll 60%.

Það ber að hafa í huga að hugtakið brunavarnir er ansi víðtækt og á það við um allt í starfsemi slökkviliða er lítur að brunavörnum þar með talið eldvarnaeftirlit, menntun og þjálfun slökkviliðsmanna, forvarnafræðsla til almennings og svo framvegis.

Hér fyrir neðan birtast myndir sem sýna fjölda og skiptingu útkalla eftir verkefnum sem berast á starfsstöðvar Brunavarna Árnassýslu. Útköll á starfsstöðvar BÁ endurspegla ekki endilega fjölda þeirra vettvanga sem unnið er á þar sem í mörgum tilfellum eru fleiri en ein starfstöð boðuð á vettvang til þess að leysa verkefnið. Allt eftir umfangi og eðli verkefnisins.



Mynd 1. Fjöldi útkalla á stöðvar Brunavarna Árnassýslu eftir flokkun verkefna á árunum 2018 - 2023.

Ástæður útkalla	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Eldur	96	90	89	104	110	185
Reykur	9	19	15	55	28	33
Umferðaróhapp	38	35	34	50	61	69
Vatnstjón	11	10	5	11	23	35
Eiturefni	2	13	8	0	4	7
Upphreinsun	14	36	9	29	27	14
Aðstoð	15	13	21	71	48	62
Vakt	0	0	13	5	0	6
Annað	10	0	0	33	31	52
Samtals	195	216	194	358	332	463

Mynd 2. Fjöldi útkalla á stöðvar Brunavarna Árnæssýslu eftir flokkun verkefna á árunum 2018 - 2023.

Ástæður útkalla á stöðvar BÁ	2108	2019	2020	2021	2022	2023
Eldur	96	90	89	104	110	185
Reykur	9	19	15	55	28	33
Umferðaróhapp	38	35	34	50	61	69
Vatnstjón	11	10	5	11	23	35
Eiturefni	2	13	8	0	4	7
Upphreinsun	14	36	9	29	27	14
Aðstoð	15	13	21	71	48	62
Vakt	0	0	13	5	0	6
Annað	10	0	0	33	31	52
Samtals	99	126	105	254	222	278

Eldur	49%	42%	46%	29%	33%	40%
Allt annað en eldur	51%	58%	54%	71%	67%	60%

Umferðaróhöpp ein og sér	19%	16%	18%	14%	18%	15%
--------------------------	-----	-----	-----	-----	-----	-----

Mynd 3. Prósentuleg skipting verkefna Brunavarna Árnæssýslu þar sem útköll á stöðvar BÁ eru borin eru saman á árunum 20218 - 2023. Hlutfall útkalla er tengjast eldi eru borin saman við öll önnur útköll liðsins og hlutfalla útkalla á stöðvar tengdum umferðaróhöppum ein og sér.

Ástæður útkalla	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Eldur	49,2%	41,7%	45,9%	29,1%	33,1%	40,0%
Reykur	4,6%	8,8%	7,7%	15,4%	8,4%	7,1%
Umferðaróhapp	19,5%	16,2%	17,5%	14,0%	18,4%	14,9%
Vatnstjón	5,6%	4,6%	2,6%	3,1%	6,9%	7,6%
Eiturefni	1,0%	6,0%	4,1%	0,0%	1,2%	1,5%
Upphreinsun	7,2%	16,7%	4,6%	8,1%	8,1%	3,0%
Aðstoð	7,7%	6,0%	10,8%	19,8%	14,5%	13,4%
Vakt	0,0%	0,0%	6,7%	1,4%	0,0%	1,3%
Annað	5,1%	0,0%	0,0%	9,2%	9,3%	11,2%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Mynd 4. Prósentulegt hlutfall verkefna á stöðvar Brunavarna Árnæssýslu á árunum 2018 - 2023.

Skýringar á liðunum aðstoð, annað og öryggisvakt:

Nokkur dæmi um "aðstoð" (Skýringar)

- Aðstoð við sjúkraflutninga, lögreglu, björgunarsveitir, önnur slökkvilið með t.d mannskapsbíla.
- Aðstoð vegna eldgos í Grindavík, stjórnun í AST, stjórnun á vettvangi, vinna við gróðurelda, rýmingar heimila, flutningar á fólki, sérfræðiaðstoð vegna öryggis lónaðarmanna, vinna við hraunkælingu ofl.
- Aðstoð vegna sérlega hættulegra aðstæðna td. heitt vatn, hrunhætta, fallhætta ofl.
- Aðstoð við borgara vegna ýmissa mála (föst hendi í niðurfalli, barn fast í reiðhjól, læstur úti á svölum osfv.).
- Aðstoð við að ná fólki úr þröngum eða lokuðum rýmum (lyftum, virkjanamannvirkjum, hrun ofan á einstaklinga ofl).
- Aðstoð við að ná látnu fólki úr erfiðum og hættulegum aðstæðum.
- Aðstoð við lögreglu með notkun hitamyndavéla.
- Aðstoð með stigabíl (þakplötur, fólk í vanda, dýr í vanda ofl.)
- Aðstoð vegna vatnsflutninga við sérstakar aðstæður (td vegna bílana vatnsveitna).

Nokkur dæmi um "annað" (Skýringar)

- Brunaboðar í gangi og grunur um eld en engin á staðnum.
- Boð frá vatnsúðakerfi og grunur um vatnstjón en engin á staðnum.
- Leit að fólki (fólk sem fellur í ár/vatn/sjó, týnist af helmilum/stofnunum, grunur um sjálfsvígshættu ofl).

Nokkur dæmi um "öryggisvakt" (Skýringar)

- Öryggisvakt vegna bruna.
- Öryggisvakt vegna fólksfjöldu.
- Öryggisvakt vegna stórra bálkasta.
- Öryggisvakt vegna flugeldasýninga.

Vettvangur er þar sem atburður hefur gerst og aðstoðar er þörf. Vettvangar eru mjög mis stórir, flóknir og umfangsmiklir. Stundum er næganlegur styrkur að senda menn frá einungis einni starfsstöð í viðkomandi verkefni en oft á tíðum er sendur mannskapur og búnaður frá tveimur eða fleiri starfstöðvum til þess að leysa verkefnið. Er þá talað um útkall á stöðvar í tölfraði BÁ.

Hér fyrir neðan eru myndir af greiningu vettvanga (tilfella), vegna allra útkalla, greining eldútkalla, greining reykútkalla, umferðaróhappa og fjöldi bifreiða og greining bifreiðaflokka í umferðaróhöppum.

Einnig er þarna tafla sem sýnir fjölda einstaklinga sem aðstoðaðir hafa verið vegna umferðaslysa. Rétt er þó að taka fram að þær tölur eru líklega nokkuð hærri í raun.

Ástæður útkalla, vettvangar BÁ

	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Eldur	67	66	52	69	78	107
Reykur	7	17	15	40	21	22
Umferðaróhapp	26	23	27	31	37	43
Vatnstjón	8	10	7	9	16	22
Eiturefni	1	0	5	0	4	5
Upphreinsun	14	11	5	16	17	9
Aðstoð	13	26	16	59	45	48
Vakt	0	0	0	4	0	3
Annað	10	12	13	24	22	35
Samtals	146	165	140	252	240	294

Mynd 5 Ástæður útkalla (vettvangar) BÁ. Vettvangur endurspeglar ekki útköll á stöðvar BÁ þar sem oft á tíðum eru sendur mannskapur og tæki frá fleiri en einni stöð á vettvang.

Fjöldi vettvanga vegna:

Eldútkalla

	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Íbúðarhúsnæði / Sumarhús	13	16	8	5	13	19
Óteyfisíbúðir	2	0	0	1	0	0
Opinberar byggingar	5	10	3	6	7	10
Iðnaðarhús	11	6	5	2	8	7
Landbúnaðarbyggingar	1	0	1	2	0	2
Gróðureldar	12	14	12	35	30	25
Eldur í bifreiðum	11	9	8	5	10	17
Annar eldur (brennur ofl)	12	11	15	13	10	27
	67	66	52	69	78	107

Mynd 6 Flokkar vettvanga vegna útkalla BÁ, á árunum 2018 – 2023 þar sem boðað hefur verið út vegna elds.

Fjöldi vettvanga vegna:

Reykútkalla

	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Íbúðarhúsnæði / Sumarhús	2	6	4	15	5	7
Óteyfisíbúðir	0	0	0	0	0	0
Opinberar byggingar	1	1	3	7	5	3
Iðnaðarhús	1	6	2	12	7	7
Landbúnaðarbyggingar	0	1	2	1	1	1
Reykur frá gróðri	2	2	3	3	3	3
Reykur frá bifreiðum	1	1	1	2	0	1
	7	17	15	40	21	22

Mynd 7 Flokkar vettvanga þar sem boðað hefur verið út vegna reyks.

Fjöldi vettvanga vegna umferðaóhappa

	2018	2019	2020	2021	2022	2023
	26	23	27	31	37	43

Mynd 8 Fjöldi vettvanga þar sem umferðaslys hafa orðið

Fjöldi farartækja í umferðaóhöppum

	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Fólksbifreið	38	27	23	34	41	45
Jepplingur	6	4	5	8	13	13
Jeppabifreið	1	3	2	4	4	5
Vörubifreið	6	1	7	4	5	7
Rúta	1	1	2	2	1	3
Vinnuvél	0	0	0	1	1	1
Annað	4	3	0	2	1	0
	56	39	39	55	66	74

Mynd 9 Fjöldi og flokkur farartækja á umferðaslysavettvöngum.

Fjöldi einstaklinga í umferðaslysum

Ár	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Fjöldi einstaklinga	64	81	67	138	143	174

Mynd 10 fjöldi skráðra einstaklinga sem hafa verið í ökutækjum umferðaslysa. Gera má ráð fyrir að þeir séu nokkuð fleiri en skráðir eru.

Erfitt er að skilgreina kostnað við brunavarnir á móti kostnaði við slysatföni í umferð og hafa ber í huga að allt er þetta hluti af lagalegum skyldum slökkviliða. Kostnaður við brunavarnir er í raun allur kostnaður við rekstur BÁ þar sem reksturinn er byggður á lagalegum grunni.

Kostnaður við hvert útkall getur eðlilega verið mjög misjafn þar sem eðli og umfang útkallanna er mjög mismunandi og mjög misjafnt er hversu marga slökkviliðsmenn þarf að kalla til verkefnisins. Ekki er síðan hægt að reikna laun einvörðungu við hvert útkall sem kostnað við verkefnið heldur þarf að taka inní heildarrekstur stofnunarinnar og deila honum niður á unnar stundir þar sem lagalegar kvaðir um þjálfun og tækjamál kalla á heilmikinn kostnað í aðdraganda þeirra verkefna sem leyst eru af hendi á vettvangi.

Kostnaður BÁ við flugvelli er sáralítill þar sem engin viðvera slökkviliðs er á flugvöllum í Árnassýslu. Slysu eru fátíð í tengslum við flugvelli í sýslunni. Engu að síður eru slökkviliðsmenn þjálfaðir til þess að bregðast við slysum af þessu tagi en sú þjálfun fléttast oft saman við þjálfun vegna bílslysa þar sem björgunarklippum er beitt.

Ein höfn er á starfssvæði Brunavarna Árnassýslu og þjálfar slökkviliðsmenn slökkvitækni við eld í skipum. Kvikni eldur í skipi sem bundið er við bryggju er það á ábyrgð viðkomandi slökkviliðs en komi upp eldur á sjó er það á ábyrgð landhelgisgæslu. Varðandi mengunarmál hafna þá eru þau á ábyrgð viðkomandi hafnastjóra en mengun á landi er á ábyrgð viðkomandi slökkviliðs. Útköll á hafnarsvæðið í umdæmi BÁ eru fátíð. Á síðustu 14 árum hefur í þrígang komið upp eldur í skipum og eitt útkall vegna mengunarmála í flæðarmáli hafnarinnar.

Verkefni tengd almannavörnum hafa verið nokkuð mörg á undanförunum árum. Oft á tíðum eru það hópslys tengd umferðinni en þar hafa slökkviliðin ríkum skildum að gegna.

Á síðustu tveimur árum hafa verið mörg verkefni tengd gosvirkni á Reykjanesi og hefur talsverður fjöldi slökkviliðsmanna BÁ tekið þátt í þeirri vinnu sem þar hefur þurft að framkvæma. Þessi vinna hefur öll verið greidd af almannavarnadeild Ríksslögreglustjóra.

Hér að ofan hefur verið leitast við að svara erindi er barst frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til stjórnar Brunavarna Árnassýslu er varðar kostnaðarskiptingu aðildarfélaganna.

Meðfylgjandi svarbréfi þessu er fylgiskjal 1. Þar sem finna má úrdrátt greina úr lögum og reglugerðum er tengjast málefnum. Í fylgiskjali 2. má finna erindi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

F.h stjórnar BÁ

A handwritten signature in black ink, reading 'Pétur Pétursson', is written over a horizontal line. To the right of the signature is a circular official seal or stamp, partially obscured by the signature.

Pétur Pétursson

Stökkviliðsstjóri Brunavarna Árnassýslu

Fylgiskjal 1. með svarbréf Stjórnar Brunavarna Árnessýslu við erindi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps til stjórnar Brunavarna Árnessýslu er varðar kostaðarskiptingu aðildarfélganna dagsett 3. júlí 2024.

Samantekt greina úr helstu laga og reglugerðum er lúta að brunavörnum.

Hér fyrir neðan eru greinar laga og reglna sem stuðst er við í svarbréfi þessu. Einnig eru þar vefslóðir inná lögina og reglurnar til frekari rýni.

Lög um Brunavarir nr. 75 / 2000

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2000075.html>

1. grein um markmið.

Markmið laga þessara er að vernd líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja fullnægjandi eldvarnir, forvarnir og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi.

2. grein um gildissvið.

„Lögina gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi (nema kveðið sé á um annað í lögum þessum). Lögina gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði.

10. grein um ábyrgð sveitarstjórna.

Sveitastjórn hver í sínu umdæmi ber ábyrgð á starfsemi slökkviliðs og framkvæmd eldvarnaeftirlits. Sveitarfélag ber kostnað af þessari starfsemi.

11. grein um starfssemi slökkviliðs (segir meðal annars).

- Sveitarfélagi er skylt að sjá um að starfsemi slökkviliðs fullnægi kröfum samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra.

- Sveitarfélögum ber að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, t.d. úðakerfi í meiriháttar byggingum. Í sveitarfélagi þar sem vatnsöflun er erfið skal leita annarra lausna til að tryggja nauðsynlegar brunavarir.

- Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði skal vera eitt af verkefnum slökkviliðs samkvæmt lögum þessum.

12. grein um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga (segir meðal annars).

Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga er sú starfsemi slökkviliðs sem hefur eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um brunavarir.

15. grein um slökkviliðsstjóra (segir meðal annars).

Sveitarstjórn ræður slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri ræður annað starfslið slökkviliðsins. Í forföllum slökkviliðsstjóra er varaslökkviliðsstjóri yfirmaður slökkviliðs.

16. grein um skyldur slökkviliðsstjóra.

- Slökkviliðsstjóri hefur eftirlit með því í sínu umdæmi að farið sé eftir lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim. Hann hefur umsjón með öllum tækjum slökkviliðs og eftirlit með virkni brunahana í umdæminu í samráði við rekstraraðila viðkomandi vatnsveitu.

- Slökkviliðsstjóri stjórnar slökkvistarfi við eldsvoða og hefur stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á landi. Við þessi störf eru löggæslulið og opinberir eftirlisaðilar undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögregla sér slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að vettvangsstað, stöðvar umferð um nærliggjandi götur, girðir af svæði sem slökkvilið þarf til að gegna störfum sínum, verndar brunarústir sem rannsaka þarf eða bjarga.

- Slökkviliðsstjóri skal tilkynna án tafar mengunaróhöpp til heilbrigðiseftirlits.

- Slökkviliðsstjóra ber að sjá um fræðslu slökkviliðsmanna og þjálfun þeirra í brunavörnum, (Björgunarstörfum), og viðbrögðum við mengunaróhöppum og að haldnar séu reglubundnar æfingar slökkviliðs.

- Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.

17. grein um hæfi og löggildingu slökkviliðsmanna.

- Slökkviliðsmenn sem sækja um löggildingu til að starfa sem slökkviliðsmenn skulu hafa lokið námi fyrir slökkviliðsmenn við Brunamálastólann eða hlotið sambærilega menntun. Jafnframt skulu þeir hafa gegnt slökkvistarfi eða starfað við brunavarnir að aðalstarfi að lágmarki í eitt ár samfellt eða starfað í hlutastarfi í slökkviliði að lágmarki í fjögur ár. Húsnæðis- og Mannvirkjastofnun veitir slíka löggildingu.

- Slökkviliðsmenn sem stunda reykjöfun skulu hafa staðist læknisskoðun, þrekpróf og aðra mælingu líkamsástands samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

- Ráðherra skal að fenginni tillögu Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar setja reglugerð um menntun og önnur skilyrði til að öðlast löggildingu, um reglubundna læknisskoðun vegna reykjöfunar og um réttindi og skyldur slökkviliðsstjóra og slökkviliðsmanna.

20. grein um sérstaka heimild slökkviliðs.

- Slökkviliðsstjóri og eftirlitsmenn hans geta, hvernær sem er og án sérstakrar heimildar, krafist þess að fá aðgang að húsnæði og öllum þeim stöðum til skoðunar og eftirlits, þar á meðal myndatöku, þar sem skoðunar eða eftirlits er þörf samkvæmt lögum þessum.

- Aðgangur skv. 1. mgr. Að íbúðarhúsi sem tekið hefur verið í notkun skal ákveðinn með úrskurði dómara nema fyrir liggja samþykki eiganda eða forráðamanns húsnæðisins um

aðgang, sbr. þó 3. mgr. Úrskurður skal liggja fyrir svo fljótt sem verða má en eigi síðar en innan þriggja sólarhringa frá því að beiðni um aðgang er lögð fram í héraðsdómi.

- Hafi eigandi eða forráðamaður neitað slökkviliðsstjóra eða eftirlitsmönnum hans um aðgang að húsnæði, eða ekki næst í hann þarf eitt af eftirfarandi skilyrðum að vera fyrir hendi svo að slökkvilið geti farið fram á úrskurð dómara:

- a. samsetning íbúa í húsnæði veldur áhyggjum, t.d. vegna búsetu barna og viðkvæmra hópa,
- b. grunur leikur á að húsnæðinu hafi verið breytt án leyfis,
- c. grunngerð húss, svo sem stærð, tegund, byggingarefni eða byggingarár, veldur aukinni áhættu að mati slökkviliðs,
- d. grunur er um að brunavörnum sé verulega áfátt í húsnæði,
- e. húseigandi eða forráðamaður ógnar öryggi annarra að mati slökkviliðs eða,
- f. húsnæði ber með sér að það þurfi viðhald.

- Heimilt er að fara inn í íbúðarhús skv. 2 mgr. án dómsúrskurðar ef rökstuddur grunur leikur á að íbúar séu í hættu þar inni og bið eftir dómsúrskurði myndi ógna lífi íbúa.

- Heimilt er að fara inn í atvinnuhúsnæði þar sem búseta fer fram án úrskurðar dómara, sbr. c-lið 1. mgr. 12. gr.

- Aldrei má ganga lengra við beitingu heimilda 1.-5. mgr. en þörf er á hverju sinni.

- Heimilt er slökkviliði, lögreglu eða þeim sem þessir aðilar kveða til að fjarlægja hvern þann sem truflar slökkvistarf eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja starf slökkviliðs.

- Slökkviliði er heimilt að veita aðstoð við slökkvistarf eða viðbrögð við mengunaróhappi utan eigin umdæmis. Slökkviliðsstjóri ákveður hverju sinni hvernig aðstoð er veitt án þess að brunavörnum í umdæmi slökkviliðs sé stofnað í hættu að hans mati. Það sveitarfélag sem aðstoðar nýtur greiðir kostnað við hana. Verði ágreiningur um kostnað skal hann ákveðinn af dómkvöddum matsmönnum.

34. grein um refsingar.

- Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum í samkvæmt þeim varða sektum. Séu sakir miklar varða brot fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

- Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla almennra hegningalaga. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot hans framin í starfi hans hjá lögaðilanum.

34. grein a. um stjórnvaldsekt slökkviliðsstjóra.

- Slökkviliðsstjóri getur lagt stjórnvaldssektir á einstaklinga og lögaðila sem brjóta gegn ákvæðum 23. og 24 gr.

- Stjórnvaldssektir geta numið frá 10.000 kr. til 10.000.000 kr.

- Við ákvörðun sekta skal m.a. taka tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Jafnframt skal líta til þess hvort ætla megi að brotið hafi verið framið í þágu hagsmuna lögaðila.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að ákveða hærri sektir hafi aðili hagnast á broti eða brot verið framið í hagnaðarskyni.

- Gjald dagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina var tekin. Hafi stjórnvaldssekt ekki verið greidd innan 15 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar frá gjalddaga. Ákvörðun slökkviliðsstjóra um stjórnvaldssekt er aðfararhæf og renna sektir í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

- Stjórnvaldssektum skal beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

-Aðili máls getur einungis skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla.

Málshöfðunarfrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðun var tekin. Málskot frestar aðför.

Reglugerð nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða.

Hér eru settar fram nokkrar greinar úr reglugerðinni til þess að varpa ljósi á starfsemi slökkviliða.

<https://island.is/reglugerdir/nr/0747-2018>

1. gr. Markmið.

-Markmið með reglugerð þessari er að tryggja að sérhvert sveitarfélag, eitt eða í samvinnu við önnur, hafi slökkvilið sem er þannig skipulagt, búið, mannað, menntað og þjálfað að það geti leyst af hendi með fullnægjandi hætti þau verkefni sem því eru falin lögum samkvæmt. Jafnframt er það markmiðið að slökkvilið sé skipulagt og stærð þess ákvörðuð út frá þeirri áhættu sem til staðar er í sveitarfélaginu.

- Markmið reglugerðarinnar er að skilgreina lágmarkskröfur um tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða, svo og um vatnaöflun til slökkvistarfa. Jafnframt er það markmið reglugerðarinnar að skilgreina lágmarkskröfur um búnað og þjálfun slökkviliðsmanna vegna mengunaróhappa á landi og vegna björgunar á fastklemmdu fóki úr mannvirkjum

og farartækjum. Brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr.laga um brunavarnir, skal lýsa hvernig slökkvilið uppfyllir ákvæði reglugerðar þessarar.

3. gr. Lögbundin verkefni slökkviliða.

Verkefni slökkviliða eru:

1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss.
2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun.
3. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun.
4. Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum.
5. Eldvarnir og forvarnir, þ.m.t. eftirlit með einkabrunavörnum, sbr. regulgerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit.

8. gr. Upplýsingagjöf og skráning gagna.

- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun getur krafist sveitarfélög um nauðsynlegar upplýsingar um stöðu brunavarna og búnað og starfsemi slökkviliðs í sveitarfélaginu.
- Slökkviliðsstjóri skal sjá til þess að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun séu fyrir 1. maí ár hvert sendar upplýsingar um rekstur slökkviliðsins og búnað í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar. Jafnframt skal slökkviliðsstjóri sjá til þess að eldvarnaeftirlitsskoðanir og útköll séu færð í rafrænan gagnagrunn í samræmi við leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

10. gr. Rannsókn og skráning slysa og óhappa.

- Slökkvilið skal halda skrá yfir öll slys og óhöpp sem verða í starfsemi slökkviliða hvort sem þau valda óvinnufærni starfsmanns eða ekki. Slökkvilið skal fyrir 1. maí ár hvert veita Húsnæðis- og mannvirkjastofnun yfirlit yfir skráð slys og óhöpp.
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun getur rannsakað slys og óhöpp sem falla undir 1. mgr. óháð rannsókn annarra aðila.

12. gr. Verkefni útkallsliðs.

Verkefni útkallsliðs eru:

- a. Að hafa með höndum viðbúnað við eldsvoðum og slökkva eld sem verður laus og/eða fyrirbyggja bráða hættu á að eldur verði laus á starfssvæði slökkviliðsins og hafa auk þess eftirlit með því að nægjanlegt slökkvivatn fái úr vatnsveitu eða vatnsbólum.
- b. Að hafa með höndum viðbúnað við mengunaróhöppum á landi, þ.m.t. í ám og stöðuvötum, og stöðva útbreiðslu efna frá mengunaróhappi á landi eða fyrirbyggja bráða hættu á að slíkt atvik verði.
- c. Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði.
- d. Að sjá til þess að fólk sem þarf að rýma húsnæði sitt vegna slyss, sbr. a-c-lið, sé skráð, komið í húsaskjól og því sinnt eftir þörfum.

Tryggja skal að önnur verkefni sem slökkviliði er falið að vinna samkvæmt brunavarnaáætlun sveitarfélagsins rýri ekki viðbragðsgetu slökkviliðsins.

13. gr. Hæfniskröfur útkallsliðs.

Þeir sem ráðnir eru til starfa í útkallslið slökkviliðs skulu fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Hafa góða líkamsburði, vera andlega og líkamlega heilbrigðir, reglusamir og háttvísir, hafa góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og vera ekki haldnir lofthræðslu eða innilokunarkennd.
2. Hafa iðnmenntun sem nýtist í starfi slökkviliðsmanna eða sambærilega menntun og reynslu.

Í undantekningartilvikum má víkja frá skilyrðum 2. tölul. 1. mgr. hjá slökkviliðum sem falla undir c-lið 1. mgr. 15. gr. reynist ekki unnt að fá menn til starfa sem uppfylla skilyrði um iðnmenntun eða sambærilegt.

Ekki má fela slökkviliðsmanni að sinna útkallsstarfi nema hann hafi lokið viðeigandi grunnnámi í Brunamálaskólanum eða hafi sambærilega menntun sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun metur jafngilda. Byrjendur, sem hafið hafa störf í slökkviliði en ekki lokið grunnnámi, mega þó gegna útkallsstarfi undir leiðsögn fullmenntaðra slökkviliðsmanna, sbr. reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.

Reykkafarar slökkviliðs skulu uppfylla skilyrði reglugerðar um reykköfun.

Stjórnandi í útkallsliði skal hafa lokið stjórnendanámi í Brunamálaskólanum eða hafa sambærilega menntun sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun metur jafngilda.

14. gr. Þjálfun útkallsliðs.

Útkallslið skal vera þannig mannað og hjá því skal vera nægjanleg þekking og reynsla til þess að það ráði við slökkvistarf í þeirri áhættu sem er í sveitarfélaginu.

Gæta skal þess að útkallslið viðhaldi hæfni sinni með reglubundnum æfingum og sé þannig undirbúið til að takast á við verkefni slökkviliðsins.

Nánar er fjallað um þjálfun og menntun slökkviliðsmanan í reglugerð nr. 1246/2022 um Brunamálaskólann og í reglugerð nr. 1088/2013 um reykköfun.

15. gr. Skipulag slökkviliðs.

Í brunavarnaáætlun skal sýnt fram á mannaflapörf slökkviliðsins. Sé ekki sýnt fram á að annað sé nægjanlegt skal miða við eftirfarandi lágmarksfyrirkomulag á rekstri slökkviliðs:

- a. Yfir 15.000 íbúar í einstöku þéttbýli á starfssvæði slökkviliðs: Slökkvilið með fastri mannaðri sólarhringsvakt slökkviliðsmanna á slökkvistöð.
- b. Yfir 5.000 íbúar á starfssvæði slökkviliðs: Slökkvilið þar sem slökkviliðsmenn eru á vakt á slökkvistöð á dagvinnutíma. Utan þess tíma er slökkviliðið mannað af slökkviliðsmönnum í hlutastarfi sem ekki hafa fasta viðveru á slökkvistöð en eru skyldugir til að mæta í útköll eftir skilgreindu skipulagi.
- c. Undir 5.000 íbúar á starfssvæði slökkviliðs: Slökkvilið er mannað af slökkviliðsmönnum í hlutastarfi sem ekki hafa fasta viðveru á slökkvistöð en eru skyldugir til að mæta í útköll eftir skilgreindu skipulagi.
- d. Í þéttbýli með fleiri en 300 íbúum skal vera útkallseining, nema sýnt sé fram á annað í brunavarnaáætlun.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun getur sett leiðbeiningar um skipulag slökkviliðs, þ.m.t. um mat á mannaflapörf slökkviliðs og viðmiðanir um útreikning á þeim tíma sem slökkviliðið er laust og tiltækt.

17. gr. Boðun og útkall.

Slökkviliðsstjóri skal viðhalda upplýsingum um boðun og útkall hjá Neyðarlínu. Hann skal gefa Neyðarlínunni hverju sinni upplýsingar um hverjir veiti viðtöku beiðnum um aðstoð ásamt upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er, menntunar- og þjálfunarstig þeirra sem hana veita og tækjabúnað sem tiltækur er.

Slökkviliðin skulu útvega slökkviliðsmönnum móttökutæki sem getur tekið við boðum frá Neyðarlínu. Neyðarlínan skal senda útkallsboð með sannanlegum og rekjanlegum hætti.

Þeir starfsmenn Neyðarlínu sem svara neyðarsímtölum vegna útkalla slökkviliðs skulu hafa fengið fræðslu um starfsemi slökkviliða.

18. gr. Húsnæði – slökkvistöð.

Húsnæði slökkviliða skal vera í sérstöku brunahólfi minnst EI60 þar sem ekki fer fram önnur starfsemi en sú sem tilheyrir slökkviliðinu. Við slökkvistöð skal vera brunahani.

20. gr. Útkallslið og útkallseiningar.

Þegar útkall verður ber slökkviliðsstjóra skylda til að senda nægjanlegt afl á vettvang til að bregðast við á fullnægjandi hátt. Slökkviliðsstjóri skal setja saman útkallslið sem getur veitt nægjanlegt viðbragð við slysum og atvikum sem slökkviliði ber að sinna samkvæmt lögum um brunavarnir. Stærð útkallsliðs tekur mið af áhættum í sveitarfélaginu, verkefnum, sbr. 3. gr., og skiptingu þess í útkallssvæði, sbr. 16. gr.

Útkallseining skal að lágmarki vera mönnum einum fullmenntuðum stjórnanda og nægjanlega mörgum slökkviliðsmönnum til að manna nauðsynleg hlutverk og búnað í útkallinu, sbr. m.a. reglugerð um reykköfun. Sýna skal fram á í brunavarnaáætlun með áhættugreiningu og útreikningum miðað við m.a. þörf fyrir reykköfun, vatn og tækjabúnað í litlum, meðal og stórum áhættum og/eða útköllum hvernig útkallseiningar slökkviliðs eru samsettar og hversu margar þær eru. Sé ekki sýnt fram á að annað sé nægjanlegt skal við skipulagningu slökkviliðs miða við eftirfarandi lágmarksfjölda slökkviliðsmanna í útkallseiningu:

1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss:
 - a. Vatnsnotkun: tveir.
 - b. Vatnsöflun: einn.
 - c. Stjórnandi: einn.
2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun á útkallssvæði 1:
 - a. Reykköfun: þrjár.
 - b. Vatnsöflun: einn.
 - c. Stjórnun: einn.
3. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun á útkallssvæði 2, 3 og 4 og viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun:
 - a. Reykköfun: fimm.
 - b. Vatnsöflun: einn.
 - c. Stjórnun: einn.
4. Ef forsenda slökkvistarfs í sveitarfélaginu byggist að einhverju leyti á notkun körfubíls eða tankbíls þarf að bæta við eftirfarandi mannskap sem þarf til að sinna þeim tækjum:
 - a. Körfubíll: einn.
 - b. Tankbíll: einn.
5. Björgun á fastklemmdu fólki, lágmarksviðbúnaður:
 - a. Klippur og þess háttar: þrjár.
 - b. Stjórnun: einn.

Stjórnandi á vettvangi skal ávallt meta út frá aðstæðum hversu margir slökkviliðsmenn þarf til að annast viðkomandi verkefni. Ef aðstæður á vettvangi eru þannig að lágmarksviðbúnaði skv. 1. mgr. er ekki náð metur stjórnandi hvort forsvaranlegt er að hefja aðgerðir.

21. gr. Fjöldi slökkviliðsmanna í útkallsliði slökkviliðs.

Lágmarksfjöldi slökkviliðsmanna í útkallsliði slökkviliðs skal ákveðinn í brunavarnaáætlun sveitarfélags út frá áhættum í sveitarfélaginu, sbr. 22. gr. Að lágmarki skal þó miða við að í stærri aðgerðir komi innan 30 mín.:

- a. 1 slökkviliðsstjóri,
- b. 4 stjórnendur og
- c. 16 almennir slökkviliðsmenn.

Ef slökkviliðsmenn eins slökkviliðs eru staðsettir á mörgum stöðvum skal koma fram í brunavarnaáætlun mat á líkum þess að tvö útköll komi á sama tímabili. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um mat á líkum og hvenær óhætt sé að skilja svæði eftir mann- og búnaðarlaust.

Fjöldi slökkviliðsmanna sem tilheyra einni slökkvistöð/útstöð má aldrei vera minni en ein útkallseining (4-7 manns eftir þjónustuflokki), sbr. þó undantekningu í 4. mgr. 6. gr., c-lið 1. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 15. gr.

22. gr. Einkennisfatnaður slökkviliðsmanna.

Slökkviliðsmenn skulu að jafnaði ganga í einkennisfatnaði við störf sín. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um einkennisfatnað slökkviliða að fenginni umsögn Félags slökkviliðsstjóra.

23. gr. Búnaður til slökkvistarfs og annarra starfa slökkviliðs.

Slökkvilið skal hafa til umráða fullnægjandi búnað til að geta sinnt verkefnum sínum.

Lágmarksbúnaður skal ákveðinn í brunavarnaáætlun sveitarfélags en skal þó aldrei vera minni en lágmarksbúnaður skv. leiðbeiningum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Búnaður slökkviliðs skal hafa mikið rekstraröryggi. Til búnaðar teljast bílar, dælur, slöngur og önnur tæki og tól til notkunar við slökkvistarf ásamt búnaði til notkunar við bráðamengun og björgun fólks úr mannvirkjum og farartækjum.

Allur búnaður slökkviliðs skal að lágmarki uppfylla ákvæði þeirra ÍST EN staðla sem taldir eru upp í viðauka I við reglugerð þessa. Sé keyptur búnaður sem framleiddur er eftir öðrum stöðlum skal búnaðurinn einnig uppfylla ÍST EN staðlana. Ætíð skal miða við nýjustu útgáfu staðalsins.

Á svæðum þar sem ekki er hægt að útvega nægjanlegt vatn án fyrirvara til slökkvistarfs skal slökkviliðið geta tekið með sér nægjanlegt vatn á tönkum, þannig fyrirkomid að dæling rofni ekki.

Allur búnaður skal geymdur, þrífinn og honum viðhaldið í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun setur leiðbeiningar um lágmarksbúnað slökkviliða. Stofnunin getur jafnframt gefið út leiðbeiningar um afskriftir og úreldingu búnaðar.

24. gr. Persónuhlífar og vinnuvernd.

Fylgja skal ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum við framkvæmd starfa slökkviliðs. Slökkviliðsmenn skulu fá nauðsynlegar persónuhlífar til að sinna þeim störfum sem krafist er af þeim.

Þegar keyptar eru persónuhlífar skal eingöngu velja búnað sem uppfyllir kröfur í gildandi stöðlum og reglugerðum.

25. gr. Fjarskipti.

Slökkvilið skal þannig búið að fjarskipti sem nauðsynleg eru til að slökkvistarfi geti farið fram á árangursríkan og tryggan hátt jafnt innan slökkviliðs sem við aðra björgunaraðila, s.s. lögreglu og Neyðarlínu.

26. gr. Skyndihjálp.

Slökkvilið skal hafa búnað og þjálfun til að geta veitt skyndihjálp.

Reglugerð um Brunamálaskólann nr. 1246/2022.

Í Reglugerðinni er meðal annars fjallað um skilyrði til ráðningar til slökkviliða og hvernig menntun þeirra skuli háttað.

7. gr. Inntökuskilyrði.

Námið við Brunamálaskólann er fyrir einstaklinga sem eru starfandi í slökkviliðum.

Þeir sem ráðnir eru til starfa sem slökkviliðsmenn skulu fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Hafa góða líkamsburði, vera andlega og líkamlega heilbrigðir, reglusamir og háttvísir, hafa góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og vera ekki haldnir lofthræðslu eða innilokunarkennd.
2. Hafa að lokinni reynsluráðningu aukin ökuréttindi til að stjórna ökutækjum sem eru hjá viðkomandi slökkviliði.
3. Hafa iðnmenntun sem nýtist í starfi slökkviliðsmanna eða sambærilega menntun og reynslu.

Víkja má frá einu eða fleiri skilyrðum í 2. mgr. vegna þeirra sem gegna slökkvistarfi eða starfa við brunavarnir samkvæmt 2. tölul. 2. gr. reynist ekki unnt að fá menn til starfa sem uppfylla framangreind skilyrði.

Endurráðning í starf slökkviliðsmanna miðast við það að þeir standist þær kröfur sem fram koma í þessum kafla.

Heimilt er að leyfa öðrum viðbragðsaðilum sem koma að slökkvistarfi að sitja einstaka námskeið á vegum Brunamálaskólans.

9. gr. Menntun slökkviliðsmanna.

Menntun slökkviliðsmanna samkvæmt reglugerð þessari er fólgin í bóklegu námi og verklegri starfsþjálfun. Námið er skiptist í eftirfarandi þætti:

1. Grunnám slökkviliðsmanna.
2. Framhaldsnám slökkviliðsmanna.
3. Námið eldvarnaeftirlitsmanna.
4. Námið stjórnenda á vettvangi.
5. Námið slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra.
6. Endurmenntun.

Námið er metið á grundvelli hæfnikrafna sem gerðar eru til starfsins og tilgreindar eru í námskrá Brunamálaskólans sem skal staðfest af fagráði skólans.

10. gr. Grunnám slökkviliðsmanna.

Eftirfarandi námsgreinar eru ávallt kenndar í grunnnámi slökkviliðsmanna við Brunamálaskólann sem taka mið af lögbundnum verkefnum slökkviliða og skal námið nánar útfært í námskrá skólans:

1. *Utan- og innanhús slökkvistarf og reykköfun:* Að loknu námi skal slökkviliðsmaðurinn vera hæfur til slökkvistarfa utanhúss og innanhús. Hann skal vera hæfur til að annast vatnsöflun, reyklosun og reykköfun. Hafa þekkingu á þróun innanhússbruna og vera hæfur til að aka stórum sem smáum ökutækjum í forgangsakstri og undir álagi.
2. *Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og faratækjum:* Að loknu námi skal slökkviliðsmaðurinn vera hæfur til björgunar fólks úr bílflökum og úr mannvirkjum.
3. *Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og efnaköfun:* Að loknu námi skal slökkviliðsmaðurinn vera hæfur í til að beita réttum viðbrögðum við mengunarslysum og eiturefnaslysum.

Í námskrá er heimilt að útfæra grunnnámið með mismunandi leiðum svo það þjóni slökkviliðsmönnum í bæði aðal- og aukastarfi, sbr. 2. gr.

12. gr. Námið eldvarnaeftirlitsmanna.

Allir þeir slökkviliðsmenn sem sinna eldvarnaeftirliti skulu hafa lokið námi sem eldvarnaeftirlitsmaður I eða sambærilegu námi. Menntun starfsmanna eldvarnaeftirlits skal vera í samræmi við þá þjónustu sem slökkvilið skal veita samkvæmt brunavarnaáætlun viðkomandi sveitarfélags.

Námið er skiptist í eftirfarandi þrjá hluta og skal nánar útfært í námskrá:

1. *Eldvarnaeftirlitsmaður I*: Grunn nám fyrir eldvarnaeftirlitsmenn þannig að þeir geti unnið við almennt eldvarnaeftirlit.
2. *Eldvarnaeftirlitsmaður II*: Framhaldsnám fyrir eldvarnaeftirlitsmenn þannig að þeir geti starfað sjálfstætt að sérhæfðu eldvarnaeftirliti svo sem að annast lokaúttektir. Áður en námið er hafið skal viðkomandi hafa lokið fyrsta hluta.
3. *Eldvarnaeftirlitsmaður III*: Framhaldsnám fyrir þá sem stjórna og bera ábyrgð á eldvarnaeftirliti sveitarfélaganna. Áður en námið er hafið skal viðkomandi hafa lokið fyrsta og öðrum hluta.

Reglugerð um reykköfun nr. 1088/2013.

<https://island.is/reglugerdir/nr/1088-2013>

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja öryggi þeirra sem stunda reykköfun og tekur hún til reykköfunar hjá slökkviliðum við slökkvistarf, mengunaróhöpp og æfingar. Einnig gildir hún um reykköfunarbúnað, menntun, þjálfun og skyldur reykkafara og um almennt öryggi við reykköfun.

3. gr. Skilgreiningar.

Heit æfing: Æfing í reykköfun í umhverfi þar sem líkt er eftir raunverulegum húsbruna.

Reykköfun: Athafnir slökkviliðs þegar loft undir þrýstingi er notað til öndunar við slökkvistarf í afmörkuðu rými eða þar sem mengunaróhapp hefur orðið, þ.m.t. efnaköfun.

Reykköfunaráætlun: Áætlun um framkvæmd reykköfunar sem gerð er með hliðsjón af ákvæðum XI. kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Reykköfunarbúnaður: Allur búnaður sem notaður er við reykköfun, þ.e. hlífðarbúnaður, reykköfunartæki eins og þau eru skilgreind í stöðlunum ÍST EN 136 og ÍST EN 137, lofthylki og fjarskiptabúnaður.

Reykköfunartími: Sá tími sem líður frá því er reykkafari hefur vinnu með reykköfunartæki þar til hann er kominn aftur í umhverfi þar sem ekki er þörf á reykköfunartækjum, þ.e. þar sem mengun er undir viðmiðunarmörkum um andrúmsloft á vinnustað, sbr. reglugerð nr. 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.

Stjórnandi reykkafara: Sá sem leiðir framkvæmd reykköfunar á vettvangi.

Þjónustuaðilar brunavarna: Þeir sem hafa starfsleyfi Mannvirkjastofnunar sem þjónustuaðilar brunavarna í samræmi við ákvæði 38. gr. a laga nr. 75/2000 um brunavarnir.

5. gr. Skráning slysa og óhappa.

Slökkvilið skal halda skrá yfir öll slys og óhöpp sem verða við reykköfun hvort sem þau valda óvinnufærni starfsmanns eða ekki. Slökkvilið skal fyrir 1. mars ár hvert veita Mannvirkjastofnun yfirlit yfir skráð slys og óhöpp.

6. gr. Kröfur til gæða reykköfunarbúnaðar.

Allur hlífðarbúnaður slökkviliðsmanna skal að lágmarki uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 914/2009 um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna og reglur nr. 501/1994 um gerð persónuhlífa.

Reykköfunartæki skulu að lágmarki uppfylla ákvæði nýjustu útgáfu eftirfarandi ÍST EN staðla:

- a. ÍST EN 136 Öndunarfærahlífar - Heilgrímur - Kröfur, prófun, merking.
- b. ÍST EN 137 Öndunarfærahlífar - Séröndunarbúnaður með samþjöppuðu lofti í opinni hringrás - Kröfur, prófun, merking.

Reykköfunartæki sem falla undir þá staðla sem tilgreindir eru í 2. mgr. skulu vera CE-merkt í samræmi við gildandi reglur þar um.

Reykköfunartæki skulu hafa skráningarnúmer sem skulu fylgja tækjunum meðan þau eru í notkun þannig að unnt sé að tryggja rekjanleika tækjanna og einstakra hluta þeirra.

Lofthylki skulu uppfylla ákvæði reglna Vinnueftirlits ríkisins um þrýstibúnað, nr. 571/2000.

Allur nýr reykköfunarbúnaður skal uppfylla kröfur þessarar greinar. Notkun reykköfunarbúnaðar sem er kominn fram yfir tilgreindan endingartíma er bönnuð.

8. gr. Rekstur reykköfunarbúnaðar.

Reykköfunarbúnaður skal skoðaður og lagfærður og hlífðarbúnaður þrífinn eftir hverja notkun samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Þá skulu reykköfunartæki yfirfarin sérstaklega að lágmarki á 12 mánaða fresti. Reykköfunartæki í notkun skulu ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti skoðuð af þjónustuaðila brunavarna, sbr. reglugerð nr. 1067/2011 um þjónustuaðila brunavarna.

Mannvirkjastofnun getur látið innsigla reykköfunarbúnað sem stofnunin telur óhæfan til notkunar eða þarfnast viðgerðar og skal hún halda skrá um slíkar aðgerðir. Í slíkum

tilvikum ber slökkviliðsstjóra að sjá til þess að búnaðurinn sé tafarlaust sendur til þjónustuaðila brunavarna og er öðrum en Mannvirkjastofnun eða þjónustuaðila óheimilt að rjúfa innsiglið.

Reykköfunarbúnaður sem ekki er í notkun og uppfyllir ekki kröfur reglugerðar þessarar eða reglugerðar um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna skal geymdur aðskilinn frá búnaði sem er í notkun.

9. gr. Loftpressa til hleðslu á öndunarlofti og loftgæði.

Mælíbúnaður og loftpressa, þ.m.t. uppsetning og aðstaða, skal vera yfirfarin og samþykkt af Mannvirkjastofnun.

Loftpressa skal uppfylla ákvæði staðalsins ÍST EN 1012 Þjöppur og lofttæmidælur - Öryggiskröfur - Hluti 1: Þjöppur.

Loftpressa skal vera búin síum og skiljum er hreinsa úr öndunarloftinu raka, olú og önnur óhreinindi í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, þannig að hreinleiki loftsins uppfylli skilyrði þessarar greinar. Loftpressa skal einnig vera búin kælibúnaði til að draga úr myndun hættulegra efnasambanda vegna hita. Loftpressur skulu búnar neyðarrofa við áfyllingarstað.

Sogrör véldrifinnar loftpressu skal þannig staðsett að engar líkur séu á því að hún geti dregið til sín útblástursloft aflvélar eða aðrar skaðlegar lofttegundir.

Öndunarloft sem ætlað er til reykköfunar skal uppfylla staðalinn ÍST EN 12021, Öndunarfærahlífar - Þrýstiloft fyrir öndunarbúnað. Þó skal öndunarloft ekki innihalda meira af skaðlegum efnum en svarar til eftirtalinna rúmmálshlutfalla, mælt við eina loftþyngd og 20°C:

- a. CO₂ koltvísýringur: 300 ppm.
- b. CO kolmónoxíð: 10 ppm.
- c. NO+NO₂ köfnunarefnisoxíð: 0,5 ppm.

Taka skal sýni af öndunarlofti frá loftpressu við uppsetningu búnaðarins og þegar gerðar eru breytingar á búnaðinum. Þá skal eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti taka sýni af öndunarlofti frá loftpressu í rekstri. Mæla skal magn efna í öndunarloftinu með viðurkenndum hætti af þjónustuaðila brunavarna. Mannvirkjastofnun skal hafa aðgang að niðurstöðum mælinga og getur framkvæmt eigin mælingarnar.

Við áfyllingu á lofthylki skal fylgja reglum Vinnueftirlits ríkisins um áfyllingastöðvar fyrir gashylki, nr. 140/1998, og leiðbeiningum framleiðanda.

Áfylling á lofthylki skal eingöngu framkvæmd af starfsmanni sem hefur fengið nauðsynlega fræðslu um lofthylki og verið leiðbeint um hættur sem geta fylgt starfinu. Áður en fyllt er á lofthylki skal athuga dagsetningu prófunarmerkingar og skoða vandlega ástand lofthylkis og loftloka. Ekki skal fylla loft á lofthylki sem komið er fram yfir dagsetningu um næstu skoðun.

Halda skal skrá yfir rekstur loftpressu og áfyllingar á lofthylki. Mannvirkjastofnun gefur út leiðbeiningar um rekstur loftpressu.

11. gr. Lágmarksskilyrði til reykköfunar.

Hver sá sem reykkafar skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- a. Vera fulltra 20 ára.
- b. Hafa lokið námi í reykköfun, sbr. 13. gr., eða sambærilegu námi og viðhaldið þjálfun sinni með æfingum í samræmi við ákvæði 12. gr.
- c. Hafa staðist með fullnægjandi hætti heilbrigðiskröfur í samræmi við ákvæði 15. gr.

12. gr. Reykköfunaræfingar.

Fjöldi verklegra æfinga í reykköfun hjá slökkviliðum skal vera að lágmarki sex á hverju ári og tímalengd þeirra að lágmarki samtals 25 klst. Af sex æfingum skulu þrjár þeirra vera reykköfunaræfingar, þar af ein heit reykköfunaræfing. Þá skulu þrjár æfingar vera efnaköfunaræfingar, þar af ein með hættulegum efnum.

Æfingar í reykköfun skulu endurspeglar helstu áhættur eins og þær eru skilgreindar í brunavarnaáætlun viðkomandi sveitarfélags.

Við æfingar í reykköfun skulu tveir leiðbeinendur tilnefndir til að stjórna æfingunni. Þeir skulu hafa náð 25 ára aldri, hafa a.m.k. tveggja ára starfsreynslu sem reykkafarar og eiga að baki a.m.k. 125 klst. í reykköfun og reykköfunaræfingum. Skal annar leiðbeinandinn hafa reykköfunarréttindi í gildi.

Heitar æfingar og æfingar með hættulegum efnum skulu fara fram á æfingasvæði sem er útbúið fyrir slíkar æfingar og heilbrigðisnefnd hefur veitt starfsleyfi fyrir í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þó er heimilt að nýta hús til æfinga hafi aðfærsla vatns og öryggi allra viðstaddra verið tryggt sem og tilskilin leyfi fengin í samræmi við viðeigandi lög. Reykkafarar geta sótt æfingar hjá öðrum slökkviliðum eða æfingasvæðum náist um það samkomulag milli slökkviliðsstjóra.

13. gr. Nám í reykköfun.

Brunamálaskólinn starfrækir nám í reykköfun fyrir slökkviliðsmenn í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 792/2001 um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.

Kennsla í reykköfun skal vera viðurkennd af Mannvirkjastofnun og skal ætíð leggja fyrir stofnunina til samþykkis kennsluáætlun og skrá yfir búnað til kennslu.

Leiðbeinendur við kennslu skulu vera a.m.k. tveir og uppfylla sömu skilyrði og stjórnendur við æfingar í reykköfun, sbr. 3. mgr. 12. gr. Skulu þeir halda skrá yfir nemendur í reykköfun.

Nemendur í reykköfun skulu slysatryggðir af vinnuveitanda og hafa til umráða reykköfunarbúnað, þ.m.t. hlífðarbúnað, í samræmi við reglugerð um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna. Nemendur skulu einnig standast læknisskoðun í samræmi við 15. gr. og leggja fram heilbrigðisvottorð frá lækni því til staðfestingar, ekki eldra en fjögurra vikna.

14. gr. Tilkynning til Mannvirkjastofnunar um heimild til reykköfunar.
Slökkviliðsstjóri skal árlega senda Mannvirkjastofnun upplýsingar um þá slökkviliðsmenn sem uppfylla skilyrði 11. gr. og eru skráðir sem reykkafarar.

Tilkynningu til Mannvirkjastofnunar skal fylgja:

- a. Vottorð um nám í reykköfun, sbr. 13. gr. Sé um að ræða sambærilegt nám skal leggja fram vottorð eða prófskírteini um námið og lýsingu á náminu. Upplýsingar skv. þessum lið þarf einungis að senda þegar reykkafari hefur störf.
- b. Staðfesting slökkviliðsstjóra á að viðkomandi uppfylli heilbrigðiskröfur skv. 15. gr.

Mannvirkjastofnun heldur skrá um þá slökkviliðsmenn sem slökkviliðsstjórar hafa tilkynnt um að séu skráðir sem reykkafarar.

15. gr. Læknisskoðun og mat á þoli og líkamsstyrk.

Reykkafari slökkviliðs skal fara árlega í sérstaka læknisskoðun og standast þær heilbrigðiskröfur sem fram koma í viðauka við reglugerð þessa. Jafnframt skal hann árlega undirgangast og standast próf í þoli og líkamsstyrk eins og mælt er fyrir um í viðaukanum. Reykkafari skal auk árlegrar læknisskoðunar fara í læknisskoðun hvenær sem viðkomandi læknir telur þörf á.

Gildistími læknisskoðunar og prófs í þoli og líkamsstyrk er 12 mánuðir nema annað sé tekið fram. Verði skyndilega verulegar breytingar á heilsufari reykkafara getur slökkviliðsstjóri óskað eftir að læknisskoðun og/eða próf sé endurtekið.

Reykkafarar og nemar í reykköfun skulu vera í góðu andlegu og líkamlegu ástandi og vera hæfir til reykköfunarstarfa. Uppfylli reykkafari eða nemi í reykköfun ekki heilbrigðiskröfur við læknisskoðun eða standist ekki próf í þoli og líkamsstyrk er honum óheimilt að stunda reykköfun eða nám í reykköfun.

Heimilt er að leita álits landlæknis vegna ágreinings í tengslum við læknisskoðun.

Hafi reykkafari verið frá vinnu vegna einhverra eftirtalinna ástæðna skal hann leggja fram heilbrigðisvottorð frá lækni um að hann uppfylli heilbrigðiskröfur samkvæmt þessari grein og geti hafið störf við reykköfun að nýju:

- a. Veikinda eða slyss þar sem hann er frá vinnu í meira en 20 daga,
- b. innlagnar á sjúkrastofnun,
- c. þungunar.

16. gr. Skyldur slökkviliðsstjóra.

Slökkviliðsstjóri skal tryggja eins og framast er unnt að reykköfun sé skipulögð og framkvæmd þannig að heilsu og öryggi allra sem þátt taka í aðgerðinni sé ekki hættu búin.

Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á því að reykköfunarbúnaður uppfylli kröfur um gæði samkvæmt reglugerð þessari og reglugerð um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna og að fylgt sé ákvæðum reglugerðarinnar um viðhald og meðferð búnaðarins.

Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á því að reykkafarar fái þjálfun í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og þeir séu upplýstir um meðferð og viðhald reykköfunarbúnaðar.

Slökkviliðsstjóri skal sjá til þess að við reykköfun sé nauðsynlegur fjöldi reykkafara sem uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar og sá búnaður sem nauðsynlegur er til að tryggja öryggi við reykköfun sem og vegna hugsanlegra neyðartilfella sem upp geta komið.

Slökkviliðsstjóri skal sjá til þess að færð sé skýrsla um sérhverja reykköfun, sbr. 19. gr., að haldin sé skrá um meðferð og viðhald reykköfunarbúnaðar, sbr. 10. gr. og að slyss og óhöpp séu skráð, sbr. 5. gr. Mannvirkjastofnun skal hafa aðgang að framangreindum skýrslum og skráum.

17. gr.

Stjórnandi reykkafara hefur umsjón með þeim reykköfurum sem tilheyra hans teymi við tiltekna reykköfun og leiðir framkvæmd reykköfunarinnar undir yfirumsjón stjórnanda á

vettvangi. Hann skal sjá til þess að unnið sé eftir reykköfunaráætlun og að öryggisreglur séu haldnar. Hann skal yfirfara búnað reykkafara áður en þeir reykkafa.

Stjórnanda reykkafara er óheimilt að reykkafa sjálfur eða sinna öðrum störfum á vettvangi sem trufla hlutverk hans sem stjórnandi reykkafara.

Stjórnandi reykkafara skal hafa a.m.k. fimm ára reynslu sem reykkafari eða eiga að baki a.m.k. 125 klst. í reykköfun eða reykköfunaræfingum.

Stjórnandi reykkafara skal sjá til þess að við reykköfun séu ávallt tveir reykkafarar sem vinna saman og skulu þeir ætíð vera í fjarskiptasambandi við stjórnanda reykkafara og sömuleiðis sín á milli. Stjórnandi á vettvangi skal tilnefna varateymi reykkafara á vettvangi sé þess þörf.

Stjórnandi reykkafara skal yfirfara allar skráningar þeirra reykkafara sem hann hefur umsjón með og staðfesta þær, sbr. 19. gr. Skal hann einnig eftir atvikum færa inn athugasemdir sem skipt geta máli varðandi reykköfunina.

18. gr. Skyldur reykkafara.

Reykkafari að störfum skal ætíð vera meðvitaður um að ákvarðanir sem hann tekur og aðgerðir sem hann framkvæmir meðan á reykköfun stendur hafa eða geta haft áhrif á hans eigið öryggi sem og öryggi starfsfélaga hans. Reykkafari skal fyrir reykköfun fullvissa sig um að reykköfunarbúnaður hans sé í lagi. Skal hann ætíð fara eftir fyrirmælum stjórnanda reykkafara og skrá sérhverja reykköfun eins og nánar greinir í 19. gr.

19. gr. Reykköfunarbók reykkafara.

Reykkafari skal halda skrá, reykköfunarbók, yfir hverja reykköfun, þ.m.t. æfingar. Reykköfunarbók er eign slökkviliðs og skal varðveitt varanlega.

Reykkafari skal færa eftirfarandi atriði í reykköfunarbók sína, eins og við á hverju sinni:

- a. Nafn stjórnanda reykkafara.
- b. Dagsetningu og staðsetningu reykköfunar.
- c. Tilgang reykköfunar.
- d. Númer þess reykköfunartækis sem notað er, upphafsloftmagn og öndunarloft sem reykkafarinn notar.
- e. Reykköfunartíma og fjölda tilvika sem er reykkafað.
- f. Slys, óhöpp, veikindi og bilanir við reykköfun.
- g. Athugasemdir vegna öryggis og heilsu starfsmanna.

Reykkafari skal sjá til þess að stjórnandi reykkafara staðfesti færslur hverju sinni í reykköfunarbók.

Mannvirkjastofnun gefur út fyrirmynd að rafrænni reykköfunarbók.

20. gr. Neyðarráðstafanir.

Slökkviliðsstjóri skal hafa áætlun um hvernig bregðast skal við slysum og öðrum hugsanlegum neyðaratvikum við reykköfun. Skal slík neyðaráætlun innihalda lýsingar á aðgerðum og verkefnum hvers starfsmanns og skal tiltekinn sá búnaður sem nota þarf þegar neyðarástand verður. Neyðaráætlunin skal kynnt öllum þeim starfsmönnum sem að reykköfun koma og skal þeim gerð grein fyrir skyldum sínum samkvæmt áætluninni. Slökkviliðsstjóri skal sjá til þess að haldnar séu reglulega æfingar samkvæmt fyrirætlunum neyðaráætlunarinnar.

Slökkviliðsstjóri skal tryggja að allir starfsmenn slökkviliðs á reykköfunarstað hafi tilskilda þekkingu til að beita fyrstu hjálp vegna mögulegra slysa eða óhappa við reykköfun. Nauðsynlegur skyndihjálparbúnaður, þ.m.t. hjartastuðtæki, brunagel og öndunargríma, skal vera til staðar og aðgengilegur við reykköfun.

Reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr. 723/2017.

1.gr. Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að vernda líf, heilsu, umhverfi og eignir með því að gera kröfur um fyrirbyggjandi brunavarnir, rekstur þeirra og tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit.

19. gr. Skoðunarskylda.

Eldvarnaeftirlit skal haft með mannvirkjum, lóðum og starfsemi þar sem eldhætta getur skapast og ógnað lífi, heilsu, umhverfi og eignum.

Eftirfarandi mannvirki, lóðir eða starfsemi eru skoðunarskyld af hálfu eldvarnaeftirlits slökkviliðs eða eftir atvikum háð eigin eftirliti eiganda, sbr. 26. gr.:

- a. þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast og/eða þar sem hætta er á stórfelldu manntjóni í eldsvoða,
- b. þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta, þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða eða þar sem eldsvoði getur haft alvarlegar samfélagslegar afleiðingar,
- c. allar byggingar í notkunarflokk 4, 5 og 6 skv. ákvæðum byggingarreglugerðar,
- d. mikilvægar menningarsögulegar byggingar og mannvirki,
- e. annað atvinnuhúsnæði og opinberar byggingar sem slökkviliðsstjóri telur nauðsynlegt að sæti reglubundnu eldvarnaeftirliti.

Eldvarnareftirlit skv. 2. mgr. skal framkvæmt með eftirfarandi tíðni:

- a. Mannvirki sem falla undir a-, b- og c-lið 2. mgr.: að lágmarki einu sinni á ári.
- b. Mannvirki sem falla undir d- og e-lið 2. mgr.: skoðun að lágmarki fjórða hvert ár.

Slökkviliðsstjóri getur ákveðið að í stað árlegrar eftirlitsskoðunar á mannvirkjum sem falla undir a-lið 2. mgr. sé framkvæmt átaksverkefni þar sem slökkviliðið skoðar eingöngu einn eða fleiri fyrirframákveðna þætti brunavarna fyrir sambærileg mannvirki.

Slökkviliðsstjóri metur og heldur skrá um hvaða mannvirki, lóðir og starfsemi á hans starfssvæði falla undir skoðunarskyldu þessarar greinar. Við það mat skal slökkviliðsstjóri m.a. byggja á leiðbeiningum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Skráin skal birt í brunavarnaáætlun og uppfærð a.m.k. einu sinni á ári á vefsíðu viðkomandi slökkviliðs eða sveitarfélags.

20. gr. Árleg eftirlitsáætlun.

Sveitarfélag skal gæta þess að nægjanlegur hluti af heildarframlagi til slökkviliðsins sé nýttur til forvarna og eftirlitsstarfa.

Fyrir 1. febrúar ár hvert skal slökkviliðsstjóri gefa út eftirlitsáætlun ársins þar sem gerð er grein fyrir því hvaða mannvirki, lóðir og starfsemi í sveitarfélaginu munu sæta eldvarnareftirliti það árið. Áætlunin skal birt á vefsíðu slökkviliðsins eða viðkomandi sveitarfélags.

Fyrir 1. mars ár hvert skal slökkviliðsstjóri taka saman skýrslu um framkvæmd eldvarnareftirlits á liðnu ári og hvaða árangur hefur náðst. Senda skal Húsnæðis- og mannvirkjastofnun afrit af skýrslunni, eftir atvikum rafrænt.

21. gr. Samvinna og fræðsla.

Slökkvilið skal hafa samvinnu við önnur stjórnvöld, þannig að lögum og reglugerðum sem settar eru til að hafa stjórn á brunaáhættu sé beitt í samvinnu eftirlitsaðila.

Slökkviliðið skal standa fyrir fræðslu og veita leiðbeiningar um hættuna á og við eldsvoða, um forvarnir og um aðgerðir við eldsvoða.

22. gr. Uppbygging og mönnun eldvarnaeftirlits.

Á öllum starfssvæðum slökkviliða skal vera tryggt að eldvarnareftirlit slökkviliðs sé þannig skipulagt, mannað, menntað og þjálfað að það geti annast eftirlit með þeirri áhættu sem er á starfssvæði slökkviliðs og nauðsynlegt forvarnarstarf.

Eldvarnareftirlit skal framkvæmt í samræmi við verklagsreglur og skoðunarhandbækur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Í öllum slökkviliðum skal vera starfandi eldvarnareftirlitsmaður sem sinnir eldvarnareftirliti, eftir atvikum samhliða öðrum störfum, sbr. þó 23. gr. Fjöldi starfandi eldvarnareftirlitsmanna skal taka mið af þeim áhættuþáttum sem eru í sveitarfélaginu. Í slökkviliði skal þó að lágmarki vera einn eldvarnareftirlitsmaður í fullu starfi fyrir hverja 10.000 íbúa á starfssvæði slökkviliðsins, nema rökstutt sé í brunavarnaáætlun að annað sé nægjanlegt. Ef íbúar eru færri skal lágmarksstarfshlutfall eldvarnareftirlits vera í réttu hlutfalli við íbúafjölda. Meta verður í brunavarnaáætlun hvort aðstæður og áhættuþættir í sveitarfélaginu krefjist aukins fjölda eldvarnareftirlitsmanna.

Sveitarfélög skulu leitast við að hafa samstarf um eldvarnareftirlit til að nýta sem best hæfni starfsmanna.

Þeir sem sinna eldvarnareftirliti og stjórnendur þess skulu a.m.k. hafa lokið viðeigandi námi samkvæmt reglugerð um brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna eða hafa menntun sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun metur jafngilda. Þeir skulu jafnframt hafa menntun skv. einum af eftirtöldum liðum:

- a. Menntun fyrir slökkviliðsmenn skv. reglugerð nr. 792/2001, um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna eða
- b. hafa lokið 32 einingum í byggingartækni að loknu sveinsprófi, þ.e. jafngildi meistaráttinda á byggingasviði eða byggingariðnfræði eða
- c. hafa lokið prófi í byggingartækni, byggingarverkfræði, arkitektúr eða byggingarfræði.

Fáið ekki aðili til starfa sem uppfyllir framangreind hæfisskilyrði er sveitarstjórn heimilt að höfðu samráði við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun að ráða eldvarnareftirlitsmann tímabundið til starfa, þó ekki lengur en til tveggja ára í senn.

25. gr. Framkvæmd eftirlits og málsmeðferð.

Sá sem framkvæmir eftirlit skal meta hvort allir þættir sem geta haft áhrif á brunaáhættu og þær aðgerðir sem eru notaðar til að takmarka afleiðingar við bruna séu nægjanlega útfærðir. Að loknu eftirliti skal eftirlitsaðili gera skýrslu þar sem fram koma frávik frá kröfum um brunaöryggi, athugasemdir og upplýsingar um þörf fyrir nýjar aðgerðir í öryggismálum. Skýrslan skal án tafar send eiganda og/eða forráðamanni sem og eldvarnarfulltrúa. Eiganda og/eða forráðamanni ber að gefa upplýsingar, innan setts tímafrests, um hvernig brugðist verði við til þess að leiðrétta þau frávik sem bent er á.

Sé ekki farið að fyrirmælum í eftirlitsskýrslu og úrbætur ekki gerðar skal beita viðeigandi úrræðum í samræmi við ákvæði VIII. kafla laga um brunavarnir.

Fylgiskjal 2. með svarbréf Stjórnar Brunavarna Árnassýslu við erindi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps til stjórnar Brunavarna Árnassýslu er varðar kostnaðarskiptingu aðildarfélanna dagsett 3. júlí 2024.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur - www.skeidgnup.is

Árnesi, 3. júlí 2024

Erindi frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til stjórnar Brunavarna Árnassýslu er varðar kostnaðarskiptingu aðildarsveitarfélaganna.

Framundan er vinna við að færa Brunavarnir Árnassýslu inn í nýtt byggðasamlag. Vinna við nýjar samþykktir er í gangi og í nýjum samþykktum þarf að skilgreina kostnaðarskiptingu við rekstur Brunavarna Árnassýslu. Núverandi kostnaðarskipting hefur verið á þann hátt að 70% af rekstrarkostnaði er reiknaður út frá brunabótamati fasteigna og 30% er reiknaður út frá íbúafjölda. Slík skipting leiðir til þess að kostnaður við brunavarnir verður mjög misjafn á hvern íbúa milli sveitarfélaga.

Á vorkundi Héraðsnefndarinnar fór slökkviliðsstjóri yfir starfsemi síðasta árs. Á þeim fundi spurði oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps um hversu mikill hluti starfsemi Brunavarna Árnassýslu færi í brunavarnir og hversu mikill hluti færi í önnur verkefni eins og slys o.fl. Svárið við þeirri spurningu var að brunavarnir væru um 40% af starfseminni á meðan önnur verkefni væru 60%. Að mati sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er það sanngirnismál að rekstur Brunavarnar Árnassýslu verði rekinn á jafnræðisgrundvelli með tilliti til þeirra verkefna sem starfsemin sinnir. Í kostnaðarskiptingunni er ekki tekið tillit til slysatíðni í umferð, flugvalla, hafna eða almannavarna. Mikilvægt er að kostnaðarskipting í Rekstri Brunavarna Árnassýslu verði í samræmi við verkefni sem sinnt er.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps óskar eftir því við stjórn Brunavarna Árnassýslu að slökkviliðsstjóra verði falið að taka saman tölfræði um verkefni síðustu 5 ára og þannig verði kortlagt hvernig verkefni Brunavarna Árnassýslu skiptist á brunavarnir, slys í umferð, önnur slys, almannavarnir og verkefni tengt flugumferð og sjóumferð.

Þegar slík gögn liggja fyrir verði gerð tillaga að nýrri kostnaðarskiptingu í samræmi við öll verkefni sem Brunavarnir Árnassýslu sinnir, en ekki horfa einungis til brunabótamats fasteigna og íbúafjölda.

F.h. sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson
Oddviti

Afrit af bréfi þessu er sent á sveitarstjóra/bæjarstjóra allra sveitarfélaga sem eru aðilar að Brunavörnum Árnassýslu.

Hulda Kristjánsdóttir

From: Vigfús Þór Hróbjartsson <vigfus@utu.is>
Sent: miðvikudagur, 11. september 2024 13:51
To: Ásta Stefánsdóttir; Iða Marsibil Jónsdóttir; aldís@fludir.is; Hulda Kristjánsdóttir; valtyr@asahreppur.is; Sýlvía Karen Heimisdóttir
Subject: FW: Samkeppnir - FÍLA
Attachments: FILA_samkeppnir_2024.pdf

Sæl verið þið, áframsendi hér póst frá félagið Íslenskra landslagsarkitekta, gæti verið áhugaverður kostur fyrir einhver verkefni í sveitarfélögunum okkar.

Bestu kveðjur,
Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi



Hverabraut 6
840 Laugarvatn
Sími: 4805550

www.utu.is

Kortasjá Suðurlands: <https://www.map.is/sudurland/>

Þú sérð afgreiðslur erinda þinna í [pósthólfinu þínu á island.is](https://www.island.is) (mínar síður)

[Náðu þér í island.is – appið](https://www.island.is)



From: Björn Edvardsson <Bjorn.Edvardsson@isavia.is>
Sent: miðvikudagur, 11. september 2024 11:50
Subject: Samkeppnir - FÍLA

Daginn,

Félag Íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA) vill vekja athygli á þjónustu sem félagið veitir varðandi hugmynda-, hönnunar,- skipulags- og framkvæmdasamkeppnir.

Er þörf á fjölbreyttum hugmyndum fyrir svæði í þínu sveitarfélagi? FÍLA hefur útbúið samkeppnisreglur sem hafa verið notaðar í opnum og lokuðum samkeppnum fyrir bæði sveitarfélög og einkaaðila og nefna má að samkeppnirnar hafa nýst við að sækja um og fá úthlutað úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða en sá sjóður fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila,

Sjá nánar um sjóðinn hér: <https://www.ferdamalastofa.is/is/studningur/framkvaemdasjodur-ferdamannastada>

Í því samhengi er vakin athygli á athyglisverði fundi 12. september á TEAMS: Ferðamannastaðir - Frá hugmynd til framkvæmdar | Ferðamálastofa (ferdamalastofa.is)

Fyrir hönd FÍLA,
Björn Edvardsson, samkeppnisnefnd FÍLA
Ólafur Melsted, samkeppnisnefnd FÍLA

Með kveðju / Best regards

Björn Edvardsson
Skipulagsfulltrúi – Skipulagsdeild KEF
Planning – Airport district planning Keflavik Airport



isavia

KEF KEFLAVÍKUR
FLUGVÖLLUR

Fyrirvari / Disclaimer

ER ÞÖRF Á FJÖLBREYTTUM HUGMYNDUM FYRIR SVÆÐI Í ÞÍNU SVEITARFÉLAGI?

Félag íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA) vill vekja athygli á þjónustu sem félagið veitir varðandi hugmynda-, hönnunar-, skipulags- og framkvæmdasamkeppnir.

FÍLA hefur útbúið samkeppnisreglur sem hafa verið notaðar í opnum og lokuðum samkeppnum fyrir bæði sveitarfélög og einkaaðila með góðum árangri, t.a.m. má nefna í Reykjavík, Bolungarvík, Stykkishólmi, Seyðisfirði og Hornafirði. Á grundvelli samkeppnisreglnanna hefur félagið aðstoðað við að ákveða fyrirkomulag og framkvæmd samkeppna ásamt því að útvega trúnaðarmann og dómnefndarmenn. Nefna má að samkeppnirnar hafa nýst við að sækja um og fá úthlutað úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða en sá sjóður fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila. Sjá nánar um sjóðinn hér:

<https://www.ferdamalastofa.is/is/studningur/framkvaemdasiodur-ferdamannastada> Jafnframt hefur FÍLA auglýst samkeppnirnar meðal faglærða aðila og tryggt þannig góða þátttöku.


FÍLA var stofnað árið 1978 og eru nú um 100 meðlimir í félaginu. Félagsmenn vinna á breiðu sviði við hönnun, skipulag og stjórnun bæði í þéttbýli og dreifbýli. Landslagsarkitektar eru sérfræðingar sem vinna við það að varðveita náttúru og menningarlandslag, að gera manngert umhverfi í þéttbýli og dreifbýli vistlegt, hagkvæmt og fallegt og vinna jafnframt náið með öðrum fagsstéttum s.s. arkitektum, skipulagsfræðingum og verkfræðingum.

Frekari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu félagsins, <http://fila.is> Samkeppnisreglur félagsins er að finna hér: <https://fila.is/log-og-reglur/>

Fyrir hönd samkeppnisnefndar FÍLA,

Björn Edvardsson
Ólafur Melsted

Samkeppnisnefnd FÍLA
Samkeppnisnefnd FÍLA





Flóahreppur og Vegagerðin

12. SEPTEMBER 2024


Tilgangur og efni fundar

1. Vegakerfið í Flóahreppi
2. Þjónusta malarvega
3. Umferðaröryggi
4. Önnur mál
 - a) Tengivegaáttak
 - b) Endurstöðun á aðalbrautum
 - c) Framtíðarþiðn Vegagerðarinnar

1. Vegakerfið í Flóahreppi

„Vegagerðin hefur yfirumsjón með framkvæmdum á sviði samgöngumála og sér um uppbyggingu, viðhald og þjónustu á vegakerfinu.“

Miðað við vegaskrá 2023 þá ber Vegagerðin ábyrgð á 154 km af vegakerfinu í Flóahreppi




1. Vegakerfið í Flóahreppi

„Vegakerfi landsins er skipt upp í þjóðveg, sveitarfélagsveg, almenna stíga og einkavegi þar sem þjóðvegir og sveitarfélagsvegir skulu mynda eðlilegt og samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins.“

Í Flóahreppi skiptist vegakerfið á eftirfarandi hátt miðað við vegaskrá:

- Stofnvegir um 32 km
- Tengivegir um 72 km
- Hórnavegir um 50 km



1. Vegakerfið í Flóahreppi Stofnvegir

„Stofnvegir eru hluti af grunnkerfi samganga eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni.“

- Hringvegur frá sveitarfélagamörkum Árborgar og Flóahrepps og að Þjórsá
- Skelða- og Hrunamannavegur að sveitarfélagamörkum Skelða- og Gnúpsverfahrepps og Flóahrepps
- Gauverjabæjarvegur frá Seifossi að Hamarsvegi
- Gauverjabæjarvegur frá Hamarsvegi að sveitarfélagamörkum Árborgar og Flóahrepps

Á þessum vegum er bundið slitlag, snjómokstri er sinnt í sameiningu af Flóahreppi og Vegagerðinni, kantsláttur á haustin

1. Vegakerfið í Flóahreppi Tengivegir

„Tengivegir eru vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru o.m.k. 2 km langir.“

	Bundið slitlag	Malarkaffli
• Umhúfossavegur (502)	1,66 km	6,52 km
• Öldággjörðavegur (304)	5,74 km	7,59 km
• Vöngshótsvegur (505-01)	0 km	0 km
• Vöngshótsvegur (505-02)	5,3 km	7,35 km
• Vöngshótsvegur (505-03)	6,6 km	0 km
• Hamarsvegur (505)	0 km	4,03 km
• Örnúðarhótsvegur (311)	0 km	4,90 km
• Varnabæjarvegur í Flóa (312)	0 km	5,31 km
• Hórnavegur (313)	0 km	1,48 km

Alls 72,12 km – þar af bundið slitlag á 34,24 km og malarkafflar 37,88 km

Hvergi er hægt að keyra heilan hring á bundnu slitlagi á tengivegum þ.e af stofnvegi á stofnveg

1. Vegakerfið í Flóahreppi Tengivegir – Hugmyndir að forgangsroðun

- 1. **Grundahellsvegur (311)** **4,90 km (25 km á áætlun 2027 – of langt í það og þarf að fara alla leiði)**
 - Málavægar tengivegur sem myndi áætlað 3,9 km veg og þess vegna myndu þessir vegir fara alla leiði
 - Litavægar tengivegur myndu 1,0 km veg og þess vegna myndu þessir vegir fara alla leiði
 - Þess vegna myndu þessir vegir fara alla leiði
 - Þess vegna myndu þessir vegir fara alla leiði
- 2. **Utridafosvegur (302)** **6,52 km**
 - Þess vegna myndu þessir vegir fara alla leiði
 - Þess vegna myndu þessir vegir fara alla leiði
 - Þess vegna myndu þessir vegir fara alla leiði
 - Þess vegna myndu þessir vegir fara alla leiði
- 3. **Hinnarsvegur (309)** **4,83 km**
 - Þess vegna myndu þessir vegir fara alla leiði
 - Þess vegna myndu þessir vegir fara alla leiði
 - Þess vegna myndu þessir vegir fara alla leiði
 - Þess vegna myndu þessir vegir fara alla leiði

Allar ofangreindar leiðir eru mikilvægar m.t.t. skólaaksturs í Flóahreppi, tímalengdar barna í skólabílum og öryggis þeirra.

1. Vegakerfið í Flóahreppi Héraðsvegir

„Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, atvinnustarfsemi, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan héttbýlis sem ákveðnir eru á staðfestu skipulegi og taldir upp í vegaskrá. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.“

- Allar heimleiðir sem samþykktar hafa verið af Vegagerðinni skv. sérstakti umsókn um héraðsveg.
 - Hefur reynt íbúum þungt ferlið að koma gæmum, afþöðum héraðsvegum ítt ofur þegar byggt er að nýju.
 - Nýggjastnaðarsamt. fyrir nýbýli að leggja veg þannig að hann standist allar kröfur Vegagerðarinnar.
- „Mikilvægt er að sækja um leyfi áður en hafist er handa við að byggja nýjan veg. Vegagerðin getur hafnað bátttöku við kostnað byggingar vegs ef umsækjandi hefur hafid vegaframkvæmdir án leyfis og samráðs við Vegagerðina þrátt fyrir að skilyrði séu uppfyllt.“

2. Þjónusta malarvega

- Vor og haustheflun**
- Tengivegir 2x á ári
 - Skilvæga þjónusta
 - Þjónustur í Flóahreppi og Flóahreppi – dreger úr kostnaði við skilvæga þjónustu 2x á ári
 - Þjónustur í Flóahreppi

Rykblindun

- Mólbúðir**
- Eru blóttþjónungur um áform Vegagerðarinnar næstu 3-5 árin

Kantsluttur

- Mikilvægt að auka kantsluttur að minnsta kosti um
- Hagkerfið fyrir Vegagerðina og Flóahreppi – dreger úr kostnaði við skilvæga þjónustu 2x á ári

Snjásmokstur

- Gott samstarf. Samningar í gildi á milli verkata, Flóahreppi og Vegagerðarinnar
- Mikilvægt að auka þjónustu Vegagerðarinnar til með fjölgun vegna samráðs við skilvæga þjónustu 2x á ári

Mikil aukning á umferð í sveitarfélögum - margir íbúar sem sækja vinnu utan sveitarfélags - breyttir tímar

3. Umferðaröryggi í Flóahreppi

Hraðatakmarkanir

Vetrarþjónusta, hökkuvarnir, aukin þjónusta á fjölförnum vegum?

Aðalbrautir – alltaf að fjölgu vegtengingum – BRÝN ÞÖRF á endurskoðun vegna Villingahallsvegur og Gaulverjabjarvegur

Umferðarmerkingar

Vasar við gatnamót

Ástand við klæðningu á vegum – mikið um hotur og skemmdir

4. Önnur mál - umræður

Tengivegaáttak

Skv. svari frá Innviðaráðuneytinu 12. apríl 2024 átti að leggja áherslu á aukin framföng til viðhalds vegna og uppbyggingu tengivega í gægunum svokallað **tengivegaáttak**.

Ráðuneytið nefnir að nákvæm áætlun vegna viðhalds og uppbyggingar tengivega liggja hjá Vegagerðinni. Skv. svari svæðisstjóra við bókun Flóahrepps 4. september 2023 er hebt horft til umferðarmagns um vegina og tengu skólaleiða á malarvegum þegar áætlun um lagningu bundins siltats á tengivegi er endurskoðuð (regluleg endurskoðun).

Hvar stöðum við þar? Eru til nýlegar umferðartölur? Hvenær er áætlunin endurskoðuð næst? Stendur til að reyna að loma tengivegum í Flóahreppi ínn í gægunum tengivegaáttak?

4. Önnur mál - umræður

Endurskoðun á aðalbrautum

Þjóðvegakerfið hefur ekki verið uppfært með aðalbrautir í huga á landsvísu frá 2013. Skv. svæðisstjóra var stefnt að því að uppfæra þessar skilgreiningar hausti/vetur 2023-2024 og þá með uppsetningu nýrna merkja og breytingum á yfirbordsmerkingum sumarið 2024 þar sem það á við.

Ráðuneytið nefnir að skráning vegna liggja hjá Vegagerðinni.

Hvernig er staðan á þessu?

4. Önnur mál - umræður

Framtíðarþlön Vegagerðarinnar

• Suðurlandsvegur

- Miðvægt fyrir landelgendur
- Veitur sveitarfélagsins
- Uppbygging við Þingborg, lóð við Gömlu Þingborg

• Vegstæði við Flóaskóla

- Hafa þomið umræður um að færa vegstæði niður fyrir veginn?

• Urríðafossvegur í gegnum Egilsstaðahverfi

- Hamarsvegur við Skógines og Hamarshjáleigu

Brúnastöðum 6.september 2024

Vegna reiðvegjar meðfram Þjórsárdalsvegi

Undirritaður ásamt fleirum, fór í hestaferð með hrossarekstur inn í Hallarmúla á Flóa-og Skeiðamannafrétti í byrjun ágúst sl.. Til þess að komast þangað urðum við að reka hrossin meðfram Þjórsárdalsvegi nr. 32. Það má orða það þannig að það er nánast ófært að reka hross frá Sandlækjarholtinu og að Þrándarholti og hreinlega stórhættulegt. Þarna eru bara götur meðfram veginum sem eru illfærar og blautar á köflum og hrossin sækja ítrekað upp á veginn. Samt var búið að slá grasið þarna á götunum sem betur fer annars hefði þetta verið enn verra.

Það er í mínum huga bara tímaspursmál hvenær það verður þarna stórslys ef ekkert verður að gert. Ég veit til þess að ferðarþjónustuaðilar í hestamennsku hafa þurft að fara þarna sl. ár og þá hlaupa hrossin í vegkantinum enda er komin gata eftir þau. Ég vil því skora á Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps og Vegagerðina að gera eitthvað í reiðvegjamálum þarna. Einnig ætti Hestamannafélagið Jökull að beyta sér fyrir bættum vegi. Þetta er eina leiðin inn í Þjórsárdal og í fjallaskála Flóa-og Skeiðamanna og Gnúpverja og algjörlega óboðlegt að bjóða hestafólki upp á svona hættuspil og ég tala nú ekki um þegar von er á stórauðum bílaumferð vegna baðlóns í Rauðukömbum í Þjórsárdal og jafnvel fjölgunar íbúa í Árnesi.

Þá tel ég að þetta hafi og sé búið að hafa áhrif á minnkandi umferð hestafólks í fjallaskála afréttanna.

Tvo möguleika sé ég í stöðunni en það er að fara í viðræður við landeigendur meðfram Þjórsá um að opna og girða leið frá Murneyrum að Þrándarholti. Hin leiðin er að gera leið sunnan við (neðan við) veginn yfir Þrándarholtsmýrina. Kannski mætti bara fylla í skurðinn sem er meðfram veginum og leggja veginn þar eða gera veg neðan við skurðinn. Ýmsir telja að þessi skurður sé óþarfur.

Ef af þessu yrði þá sé ég fyrir mér að við Flóa-og Skeiðamenn gætum nýtt okkur þessar vegabætur með fjallsafnið okkar niður í Reykjaréttir og yrðum því ekki að teppa Þjórsárdalsveginn nema að litlu leyti, sérstaklega ef fyrri leiðin gengi upp.

Ég lýsi undrun minni á því að ekki sé búið að aðhafast neitt í þessum málum fyrir löngu síðan og vil enda á því að segja að þetta þolir enga bið.

Með von um skjót og góð svör.

Virðingarfyllt

Ágúst Ingi Ketilsson bóndi á Brúnastöðum og fjallkóngur Vesturleitar á Flóa-og Skeiðamanna-afrétti

Hulda Kristjánsdóttir

From: Aldís Hafsteinsdóttir <aldis@fludir.is>
Sent: mánudagur, 19. ágúst 2024 13:37
To: Sýlvía Karen Heimisdóttir (sylviakaren@skeidgnup.is); Ásta Stefánsdóttir; Iðla Marsibil Jónsdóttir; Hulda Kristjánsdóttir; valtyr@asahreppur.is
Subject: Frá Hrunamannahreppi

Komið þið sæl !

Á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 15. ágúst s.l. var lagt fram bréf með bókun sveitarstjórnar Grímsness- og Grafningshrepps (GOGG) um minnisblað frá sveitarstjórn Hrunamannahrepps en í því eru settar fram hugmyndir um breytingar á skipulagsnefnd.

Í svari sínu leggst sveitarstjórn GOGG samhljóða gegn því að skipulagsnefndir verði starfandi í hverju sveitarfélagi á starfssvæði UTU.

Afgreiðsla sveitarstjórnar Hrunamannahrepps var svoljóðandi:

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps telur að í umræddu minnisblaði sem unnið var af Guðjóni Bragasoni, fv. lögmanni Sambands Íslenskra Sveitarfélaga, komi fram veigamikil sjónarmið varðandi það fyrirkomulag skipulagsmála sem viðhaft hefur verið hér í Uppsveitum Árnassýslu, Flóa- og Ásahreppi í Rangárvallasýslu með sameiginlegri skipulagsnefnd þessara 6 sveitarfélaga.

Veigamikil rök hafa komið fram um að verulegur lýðræðishalli felist í núverandi fyrirkomulagi þar sem einungis einn aðili frá hverju sveitarfélagi situr í skipulagsnefnd þessa víðfeðma svæðis. Þessi eini fulltrúi sveitarfélagsins tekur þátt í fundum skipulagsnefndar og á á þeim vettvangi í beinum samskiptum við skipulagsfulltrúa. Sá sveitarstjórnarmaður er þar með í yfirburðastöðu gagnvart öðrum sveitarstjórnarfulltrúum við afgreiðslu mála í sveitarstjórn. Ekki má gleyma að aðkoma minnihluta í sveitarstjórnnum að umfjöllun um skipulagsmál verður fyrir vikið mun minni en ef kosin væri með hlutfallskosningu þriggja eða fimm manna skipulagsnefnd í viðkomandi sveitarfélagi eða ef sveitarstjórn færi sjálf með verkefni skipulagsnefndar.

Sveitarstjórn vonar að þrátt fyrir afstöðu sveitarstjórnar GOGG og órökstuddar fullyrðingar þeirra um aukinn kostnað og álag á starfsmenn séu aðrar sveitarstjórnir á svæðinu tilbúnar til að kynna sér þau sjónarmið sem sett eru fram í minnisblaðinu og til í að ræða hvort ekki sé skynsamlegt að hvert sveitarfélag skipi sína eigin skipulagsnefnd eins og öll önnur sveitarfélög á Íslandi gera. Með því væri fyrirnefndum lýðræðishalla mætt auk þess sem frumkvæði í stefnumarkandi ákvörðunum og eftirfylgd með áherslum í aðalskipulagi yrði án vafa meira en nú er.

Sveitarstjórn felur oddvita að ræða málið enn frekar á vettvangi stjórnar UTU með hliðsjón af þeim umræðum og þeirri afstöðu sveitarstjórnarmanna Hrunamannahrepps sem fram komu á fundinum.

Þessi afgreiðsla tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur
Aldís



Aldís Hafsteinsdóttir
Sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Sími: 480-6600
Akurgerði 6, 845 Flúðir
www.fludir.is

Hulda Kristjánsdóttir

From: Valtýr Valtýsson <valtyr@asahreppur.is>
Sent: miðvikudagur, 21. ágúst 2024 12:59
To: skipulag@utu.is; Ásta Stefánsdóttir; 'aldis@fludir.is'; Iða Marsibil Jónsdóttir; Haraldur Þór Jónsson; Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Hreppsnefnd Ásahrepps - 29 : 2408003 - Minnisblað um skipulagsmál hjá UTU

Sæl verið þið.

Hreppsnefnd Ásahrepps tók fyrir minnisblað Hrunamannahrepps um skipulagsmál hjá UTU á 29. fundi sínum sem haldinn var 21. ágústs 2024. Eftirfarandi var bókað:

2408003 - Minnisblað um skipulagsmál hjá UTU

Lagt fram minnisblað, dags. 16. maí 2024, vegna mögulegra breytinga á samþykktum UTU sem unnið var af GB Stjórnsýsluráðgjöf. Einnig lagt fram tölvuskeyti sveitarstjóra Hrunamannahrepps og sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps sem varða efni minnisblaðsins.

Hreppsnefnd Ásahrepps ræddi innihald minnisblaðsins. Hreppsnefnd er sátt við núverandi stöðu skipulagsmála og sér ekki ástæðu fyrir sitt leyti að breyta samþykktum byggðasamlagsins.

Þessi bókun hreppsnefndar Ásahrepps staðfestist hér með.

Með bestu kveðju,
Valtýr Valtýsson
sveitarstjóri Ásahrepps

Hulda Kristjánsdóttir

From: Iða Marsibil Jónsdóttir <sveitarstjori@gogg.is>
Sent: miðvikudagur, 4. september 2024 13:16
To: Nanna Jónsdóttir; Haraldur Þór Jónsson
Cc: Oddviti Bláskógabyggðar; Ásta Stefánsdóttir; Björn Kristinn Pálmarsson; Oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps; Jón Bjarnason; aldis@fludir.is; walterfannar@simnet.is; Hulda Kristjánsdóttir; isleifur@asahreppur.is; Vigfús Þór Hróbjartsson; Davíð Sigurðsson; Sýlvía Karen Heimisdóttir; Árni Eiríksson
Subject: Bókun sveitarstjórnar
Attachments: Bókun sveitarstjórnar vegna fundargerðar stjórnar UTU.pdf

Góðan dag,

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps í morgun þann 4. september var fundargerð 113. Fundar stjórnar byggðasamlagsins UTU tekin fyrir.

Í viðhengi má finna bókun sveitarstjórnar.

Bestu kveðjur

Iða Marsibil Jónsdóttir

Sveitarstjóri

Sími: 480-5500

Netfang: sveitarstjori@gogg.is

Veffang: www.gogg.is

Borg 805 Selfoss

[Skilmálar/Disclaimer](#)



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR





GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Stjórn byggðasamlagsins UTU
B.t. Nanna Jónsdóttir
Hverabraut 6
Laugarvatni

Borg, 4. september 2024

Efni: Bókun sveitarstjórnar.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps, þann 4. september 2024 var fundargerð 113. fundar stjórnar byggðasamlagsins UTU tekin fyrir og eftirfarandi bókun gerð:

Fundargerð 113. fundar stjórnar byggðasamlags UTU, 28. ágúst 2024.

Mál nr. 1 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 113. fundar stjórnar byggðasamlags UTU sem haldinn var 28. ágúst 2024.

Mál nr. 1; Minnisblað frá Hrunamannahreppi.

Lagt fram minnisblað sem unnið var fyrir Hrunamannahrepp vegna mögulegra breytinga á samþykktum UTU, minnisblaðið var unnið af GB Stjórnsýsluráðgjöf um skipulagsmál dags. 16. maí 2024. Í minnisblaðinu er m.a. ábending til umræðu um að breyta samþykktum UTU á þann veg að skipulagsnefndir geti verið starfræktar í hverju sveitarfélagi fyrir sig en ekki ein sameiginleg skipulagsnefnd aðildarsveitarfélaganna eins og núverandi samþykktir UTU gera ráð fyrir.


Minnisblaðið hefur verið lagt fram til kynningar og tekið til umræðu í aðildarsveitarfélögum UTU. Stjórnarmenn kynntu og fóru yfir umræður sinna sveitarstjórna um framkomnar ábendingar í minnisblaðinu og núverandi fyrirkomulag skipulagsnefndar.

Stjórn þakkar Hrunamannahreppi fyrir minnisblaðið og góðar ábendingar til umræðu en í ljósi umræðu og bókana sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna vegna minnisblaðsins þá telur meirihluti stjórnar ekki tilefni til að breyta fyrirkomulagi á uppsetningu skipulagsnefndar UTU.

Fulltrúi Hrunamannahrepps óskar eftir því við aðildarsveitarfélög UTU að samþykktum UTU verði breytt, þar sem heimilað yrði að aðildarsveitarfélög UTU gætu starfrækt sína eigin skipulagsnefnd ef þau kjósa svo, með vísan í bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 16. maí sl.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps ítrekar bókun sína frá 25. júlí 2024 þar sem meðal annars er farið yfir það að sveitarstjórn telji núverandi fyrirkomulag skipulagsnefndar hentugt og til þess fallið að fá víðsýna nálgun á afgreiðslu þeirra mála sem koma á borð nefndarinnar. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps leggst samhljóða gegn því að samþykktum UTU verði breytt þannig að aðildarsveitarfélög UTU geti starfrækt sína eigin skipulagsnefnd ef þau kjósa svo, undir formerkjum Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita.

Virðingarfyllt,
f.h. sveitarstjórnar


SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS
Iða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri

Hulda Kristjánsdóttir

From: Skipulagsgáttin <noreply@skipulagsgatt.is>
Sent: fimmtudagur, 12. september 2024 13:28
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Umsagnarbeiðni vegna máls nr. 0900/2024 í Skipulagsgátt

Ágæti viðtakandi (Flóahreppur),

Flóahreppur hefur óskað eftir umsögn þinni við eftirfarandi mál í Skipulagsgátt:

- Hjálmholt og Áshildarmýri; Vatnsból og vatnsverndarsvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2406076, nr. 0900/2024: Kynning tillögu á vinnslustigi (Breyting á aðalskipulagi)

Smelltu hér til að skoða málið nánar og til að bæta við þinni umsögn. Kynningartími er frá 12.9.2024 til 12.10.2024.

Fyrirspurnir um málið skulu berast til ábyrgðaraðila þess.

Þetta er sjálfvirk tilkynning til allra aðila sem hafa verið skráðir sem umsagnaraðilar að málinu.

Kveðja,

Skipulagsgátt





Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Sími 480 5550
www.utu.is

Ágæti viðtakandi!

Laugarvatni, 13. september 2024
Tilvísun: 2408073 RRI

Efni: Skipulag í kynningu - Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029; Nýtt vatnsból og vatnsverndarsvæði í Áshildarmýri; Aðalskipulagsbreyting

Með þessu bréfi vill embætti UTU vekja athygli yðar á því að skipulagstillaga vegna ofangreinds máls er nú í kynningarferli. Hægt er að nálgast skipulagsgögnin á heimasíðu embættisins, sjá vefslóð: <https://www.utu.is/auglysingar/skipulagsauglysing-birt-12-september-2024/>

Auk þess sem nálgast má öll gögn málsins og koma á framfæri umsögnum og/eða athugasemdum á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar <https://skipulagsgatt.is/>

Upplýsingar um athugasemdarfrest koma fram í auglýsingunni.

Virðingarfyllt,

Umhverfis- og tæknisvið
Uppsveita
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Ritari skipulagsmála og fulltrúi